

Heit og ljúffeng

PIZZA
 HAMRABORG
 Hafnarstræti 7 - 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu





Símanúmer
 Landsbankans
 á Ísafirði
 er
410 4156

Landsbankinn
 Sími 410 4156
 Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
 Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 1. febrúar 2007 · 5. tbl. · 24. árg.



Maður leggst ekki niður og gefst upp

– sjá viðtal í miðopnu við hvunnagshetjuna Kristbjörgu Önnu Guðmundsdóttur í Súðavík sem greindist með ólæknandi sjúkdóm aðeins 25 ára að aldri, en lætur samt engan bilbug á sér finna og tekst á við lífið af einskærri jákvæðni og æðruleysi

Samkaup *úrval*

OPIÐ:
 virka daga kl. 09 - 21
 laugard. 10-21
 sunnud. kl. 12 - 21
Verið velkomin!

Samkaup *úrval*

NEISTA
 HAFNARSTRÆTI 9-13
 SÍMI 456 5460

Þrír fluttir á sjúkrahús

Um hádegisbil á sunnudag valt bifreið í botni Seyðisfjarðar í Ísafjarðardjúpi. Þrír farþegar í bílnum voru fluttir á sjúkrahúsið á Ísafirði til aðhlyningar. Síðar sama dag fór vörubifreið út af veginum um Eyrarfjall og valt á hliðina. Ökumaður slapp án meiðsla.

Á föstudag skulu síðan tvær bifreiðar saman við gatnamót Völusteinsstrætis og Skólástígar í Bolungarvík. Önnur bifreiðin hafnaði inn í garði. Töluverðar skemmdir urðu á ökutækjum. Fimm ungmenni voru í bifreiðinni sem hafnaði inni í garðinum og þrír í hinni, þ.á.m. barnshafandi kona.

Þessir aðilar voru fluttir á heilsugæslustöð en meiðsl þeirra reyndist ekki mikil.

Ólíklegt að hafísinn muni hafa áhrif á sumarveðrið

Þegar hafþök liggja lengi úti fyrir ströndum þá hefur það jafnan áhrif á veðurfar á landi, en að sögn Þórs Jakobs-sonar veðurfræðings er fullsnemmt fyrir menn að óttast að hafísinn úti fyrir Vestfjörðum muni hafa áhrif á vor- og sumarveðrið. „Ég myndi halda að það þurfi ekkert að óttast eftir þessa hrinu - nema hún eigi eftir að standa í eina, tvær vikur eða jafnvel lengur - að hún muni ekki hafa áhrif á gróður inni í Vestfjörðum,“ segir Þór.

„Þetta hefur komið öðru hvoru og haft sín áhrif, og kannski mest 1979 þegar hafísinn var mikill við strendurnar og olli kali í tünun,“



Lítill ísjaki fyrir utan Hnífsdal. Í baksýn sést í eitt af skipum Landhelgisgæslunnar.

sagði Þór. Hann bætir því við að það þurfi að leita marga áratugi aftur í tímann að vita af hafís fyrir sunnan Ísafjarðardjúp. „Það er ákaflega óvenjulegt,“ segir hann. Aðspurður hvort sú hætta sé fyrir hendi að ísbirni geti rekið að landi með hafísnum segir Þór að þeir geti villst af leið líkt og mannfólkið. Þá verði þeir viðskila meginísinn. Um tíma hafi einn komist á land á um 10 ára fresti eða þar um bil, síðustu áratugi. „En þá eru þeir á villigötum greyin og dauðans matur, hvort sem það er af mannavöldum eða náttúrunnar.“ Frá þessu var greint á mbl.is.

– thelma@bb.is

„ÁHYGGJULAUS“
 ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

EIMSKIP | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

VIÐSKIPTA
 ÞJÓNUSTA
 EIMSKIPS
525 7800




Dagurinn í dag

1. febrúar 2007 – 32. dagur ársins

Pennan dag árið 1973 samþykkti Alþingi lög um stofnun Viðlagasjóðs til að bæta eftir fongum tjón vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Afgreiðsla málsins tók aðeins einn dag.

Gerir sér góðar vonir um samkomulag

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, gerir sér góðar vonir um að á næstu vikum takist að gera samkomulag við ríkið um að sveitarfélög landsins fái hlutdeild í fjármagnstekjum og skatttekjum af einkahlutafélögum. Þetta kemur fram á fréttavef Morgunblaðsins.

Þar er haft eftir Halldór að óumdeilt sé að sveitarfélög hafi tapað skatttekjum í kjölfar þess að einkahlutafélögum hefur fjölgað, en þau munu vera um 26 þúsund talsins á landsvísu. Sveitarfélög fá engar skatt-

tekjur af hagnaði einkahlutafélaga. Einnig er haft eftir Halldóri að fjöldi einyrkja sem áður greiddu skatt líkt og aðrir launþegar hefði breytt um rekstrarform og teldust nú til einkahlutafélaga og farið þar með inn í annað skattaumhverfi. Munu útsvarstekjur sveitarfélaganna hafa lækkað vegna þessa.

„Almennt séð er afkoma sveitarfélaganna ekki nægilega góð. Í umræðunni er oft horft á stöðu einstakra sveitarfélaganna, en hún er ekki lýsandi fyrir stöðuna“, segir Halldór við fréttavef mbl.is.

– eirikur@bb.is

Surrealísk útgáfa af Lísu í Undralandi

Sólrísuleikrit Leikfélags Menntaskólans á Ísafirði í ár verður Lísa í Undralandi. „Þetta verður samt ekki ævintýrið eins og við þekkjum það heldur er um að ræða surrealískari og nútímalegri útgáfu af Lísu í Undralandi í sænskri leikgerð“, segir Oddur Elíasson hjá LMÍ. Æfingar hófust er Menntaskólinn tók til starfa að loknu jólafrí og að sögn Odds ganga þær vel.

Á annan tug leikara taka þátt í verkinu en leikstjórn verður í höndum Hrafnhildar Hafberg, íslensku- og leikhúsfraeðings, sem einnig er kennari við MÍ. Hús-

band skólans, ef svo má að orði komast, með Halldór Smáráson í fararbroddi sér um tónlistina í verkinu. „Tónlistin er að koma saman en við höfum verið að finna gömul og ný lög til að yfirfæra textana á“, segir Oddur.

Í helstu hlutverkum má nefna Önnu Birtu Tryggvadóttur sem Lísu sjálfa, Gunnar Jónsson sem leikur köttinn, Þorbjörn Kristjánsson leikur kanínuna, Halldór Sveinsson er í hlutverki hattarans Jóhann Frímarrúnarsson leikur klikkaða hérann og Oddur Elías er gerviskjaldbakann.



Magnús Ólafur Hansson tók á móti viðurkenningunni fyrir hönd sonar síns Rögnvaldar Magnússonar íþróttamanns Bolungarvíkur 2006.

Rögnvaldur kjörinn íþróttamaður ársins í Bolungarvík

Rögnvaldur Magnússon hjá Golfklúbba Bolungarvíkur var kjörinn íþróttamaður Bolungarvíkur 2006. Í öðru sæti var Bragi Björgmundarson frá Hestamannafélaginu Gný. Titlinum fylgir farandgripur sem Grímur Atlason bæjarstjóri Bolungarvíkur afhenti Magnúsi Ólafu Hansyni, föður Rögnvalds, í hófi í Víkurbae á sunnudag en Rögnvaldur gat ekki tekið á móti viðurkenningunni þar sem hann er erlendis. Þar voru einnig veittar viðurkenningar til íþróttafólks sem sýndi góðan árangur árið 2006.

Körfuknattleiksmennirnir Daníel Ari Jóhannsson, Ernir Steinn Arnarsson, Guðmundur Jóhann Guðmundsson, Óskar Kristjánsson, Vagn Margeir Smelt og Þorgeir Egilsson fengu

viðurkenningu fyrir góða ástundun og framfarir. Í knattspyrnu yngri flokka fengu eftirfarandi viðurkenningu fyrir ástundun og framfarir; Andri Rúnar Bjarnason, Berglind Halla Elíasdóttir, Nikulás Jónsson. Annar flokkur og meistaraflokkur UMFB hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í innanhússknattspyrnu en þeir náðu sæti í efstu deild.

Fyrir góðan árangur og framfarir í golfi fengu Guðrún Dagbjört Guðmundsdóttir, Catchai Photya, Valdis Hrólfssdóttir og Rögnvaldur Magnússon viðurkenningu. Þá hlutu Ragnheiður Sjöfn Reynisdóttir og Hanna Björg Reynisdóttir viðurkenningu fyrir góðan árangur á Íslandsmóti í dansi.

– thelma@bb.is

Skotveiðifélag Íslands hvetur ráðherra til að leyfa refaveiðar í Hornstrandafriðlandi

Skotveiðifélag Íslands hefur sent umhverfisráðherra, Jónínu Bjartmarz, bréf þar sem hún er hvött til að beita sér fyrir því að refaveiðar verði heimilaðar í friðlandinu á Hornströndum. Í bréfi sem Sigmar B. Hauksson, formaður félagsins, skrifar ráðherra segir m.a.:

„Félagsmenn okkar og bændur hafa iðulega bent á að undanfarin tvö ár hefur óvenju mikið verið af ref. Í haust sem leið eru dæmi um að rjúpnaveiðimenn hafið skotið fleiri refi en rjúpur. Athygli vakti

nú í haust hve lítið var af rjúpu á Vestfjörðum. Hins vegar var mikið um ref á svæðinu og þar sem tíðarfar var milt nú í haust var refurinn talsvert á ferðinni til fjalla. Greinilegt er að rjúpa var uppistaðan í fæðu refanna. Spor refanna sýndu að þeir þefuðu uppi bæli rjúpnanna í náttstað. Ekki liggja fyrir nákvæmar rannsóknir hér á landi um að hve stór hluti rjúpan er af fæðu refsins. Sænski vísindamaðurinn, Tomas Willebrand, hefur þó bent á að þegar rjúpnastofninn er í lágmarki þá geti

fælingarmáttur refsins truflað rjúpunu og valdið streitu í rjúpnastofninum, sem er henni hættuleg.“

Þá segir að það sé álit Skotveiðifélags Íslands að refurinn haldi rjúpnastofninum niðri á Vestfjörðum. „Rannsóknir í Bandaríkjunum og í Svíþjóð sýna að ef stofnar rándýra eru friðaðir í þjóðgördum þá verður óeðlilegur vöxtur í stofninum og dýrin fara að leita út fyrir þjóðgarðinn. Það er undarlegt, þó ekki sé meira sagt, að annars vegar er refurinn friðaður í friðlandinu á Horn-

ströndum en sunnan við friðlandið er greitt fé til að eyða honum. Þá er rétt að benda á að æðarrækt er þýðingarmikil atvinnugrein á Vestfjörðum og vinnur refurinn gríðarlegt tjón á æðarvarpi á svæðinu. Þá er sauðfjárrækt uppistaða landbúnaðar á Vestfjörðum. Einnig er rétt að benda á að stöðugt fækkar fólki á Vestfjörðum. Gríðarlega erfitt er því að stunda refaveiðar þar og finna og vinna greni. Af framangreindu má sjá að full ástæða er til að grenjavinnsla verði heimilud nú þegar í vor.“

Framtalsaðstoð og bókhaldsvinnslur

Skattframtöl – rekstraruppgjör og vinnsla bókhalds fyrir smærri rekstraraðila.

Nánari upplýsingar og tímapantanir í sínum 456 4176 og 863 4176 alla daga eftir kl. 18:00.

Smali ehf., Hafraholti 46, Ísafirði, sími 456 4176 · Bjarni og Guðrún.



Vel hppnað bikarmót SKÍ á Seljalandsdal

Bikarmót Skíðasambands Íslands í skíðagöngu var haldið á Seljalandsdal um helgina þótti það heppnast vel. Mótið stóð frá föstudegi til sunnudags og keppt var í sprettgöngu með frjálstri aðferð, í hefðbundinni göngu auk þess sem fram fór tviþeppni, þar sem fyrri hringur var genginn með hefðbundinni aðferð og sá síðari með frjálstri aðferð. Um 45 keppendur voru skráðir til leiks, flestir frá Ísafirði og eignuðust Ísfirðingar fimm bikarmeistara á mótinu. Þeir eru Rannveig Jónsdóttir í flokki 13-14 ára stúlkna, Sólveig G. Guðmundsdóttir í flokki 15-16 ára stúlkna, Stefán Pálsson í flokki 15-16 ára drengja, Brynjólfur Óli Árnason í flokki 17-19 ára pílta og Stella Hjaltadóttir í flokki kvenna 20 ára og eldri. Einnig unnu bikar þeir Baldvín Orri Jóakimsson frá Ólafsfirði í flokki 13-14 ára drengja og Andri Steindórsson frá Akureyri í flokki karla 20 ára og eldri.

„Góðar samgöngur forsenda framfara á öllum sviðum“

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Íslands var haldinn á Ísafirði undir lok síðustu viku. Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf ásamt því sem nokkur erindi voru flutt. Meðal þeirra sem ávörpuðu fundinn var Sturla Böðvarsson samgönguráðgjafi og sagði hann meðal annars að Vestfirðir í heild sinni hefðu upp á marga að bjóða og augu landsmanna og ferðamanna frá öðrum löndum hafi smám saman verið að opnast fyrir fjórðungnum. Eins og við er að búast gerði samgönguráðgjafi samgöngumál að umtalsefni sínu og sagði meðal annars að góðar samgöngur væru forsenda framfara á öllum sviðum og þar væru ferðamál ekki undan skilin. Ræddi hann um þau verkefni sem eru í bígerð á Vestfjörðum eins og gerð Djúpvogar í Mjóafirði með þverun fjarðarins og brú sem ljúka á næsta ári og útboð á vegagerð um Tröllatunguheiði og í Barðastrandasýslum.

Um fjarskiptamál sagði ráðgjafi frá nýlegum verk-samningi við Símann hf. um

að þéttun GSM-farsímanetsins á Hringveginum og nokkrum fjallvegum og síðari áfanga verksins þar sem netið verður þétt á fjölmörgum stöðum í þjóðvegakerfinu þar á meðal mjög víða á Vestfjörðum. Einnig sagði ráðgjafi að á næstunni yrði boðið út verkefni til að bæta háhraðatengingu víða um land þar sem fjarskiptafyrirtæki hafa ekki séð hag sinn í að bjóða upp á þjónustu.

Þá gerði samgönguráðgjafi að umræðuefni aukin umsvif í móttöku skemmtiferðaskipa en á síðasta ári höfðu 22 skip viðdvöl á Ísafirði og næsta sumar er gert ráð fyrir komu 28 skipa með um það bil 18 þúsund gestum. „Þjónusta við skemmtiferðaskip og farþega þeirra er mikilvæg búþót. Móttaka farþega frá skemmtiferðaskipum hefur marga snertifleti, í skipulagi og sölumennsku, menningu- og listum, land- og mannlífsskynningum svo eitthvað sé nefnt. Með vaxandi umsvifum á þessu sviði er nauðsynlegt að við séum tilbúin með innviðina á þessum stöðum, að hafa næg-



Margt var um manninn á aðalfundi Ferðamálasamtaka Íslands sem haldinn var á Hótel Ísafirði.

an mannskap til að sinna verkefnum á þessu sviði,” sagði Sturla Böðvarsson meðal annars.

Undir lok ræðunnar fjallaði ráðgjafi um markaðsmál og sagði meðal annars: „Samgönguráðgjafi hefur undanfarin ár styrkt Ferðamálasamtök Íslands og nýu upplýsingamiðstöðvar um allt land með veglegum styrkjum. Á þessu ári hafa fjárframlög til

Ferðamálastofu vegna ferðamálasamtaka landshlutanna hins vegar verið stóraukin og því ekki lengur þörf á aðkomu samgönguráðgjafisins á þessu sviði. Ráðgjafi mun á þessu ári styrkja nokkrar markaðsskrifstofur eins og undanfarin ár en síðan er alls óljóst hvað verður. Eðlilegt er að fjárframlög til skrifstofanna sem og ferðamálasamtakanna komi í auknum mæli frá sveitarfélög-

um og öðrum hagsmunaaðil-

lands.”

um auk Ferðamálastofu Ís-

– annska@bb.is

Viðhald Vestfjarðaganga nemur 9,1 milljón á ári

Viðhald vegna Vestfjarðaganga kostar að meðaltali 9,1 milljón á ári. Viðhald vegna Hvalfjarðarganga nemur tæplega 22 milljónum að meðaltali á ári og Ólafsfjarðargöng kostar að meðaltali 8,2 milljónir á ári í viðhaldi. Þetta kemur

fram í svari samgönguráðgjafa við fyrirspurn Guðjóns Arnars Kristjánssonar, formanns Frjálsslynda flokksins, um kostnað við endurbætur og viðhald svokallaðra Óvega, Vestfjarðaganga og Hvalfjarðarganga.

Kostnaður vegna nýbygginga á Óshlíð á 20 ára tímabili er samtals rúmlega 814 milljónir eða tæplega 41 milljón á ári að meðaltali. Þess má geta að það vantar upplýsingar fyrir árið 1989 og árin 1999, 2001 og 2005 standa á núlli ein-

hverra hluta vegna.

Kostnaður vegna viðhalds og þjónustu á Óshlíð síðustu þrettán árin er 68,4 milljónir, þar af var kostnaður árið 1995 61,3 milljónir vegna vatnsaga á hlíðinni.

– annska@bb.is

Undirbúa stofnun fræðaseturs

Undir lok síðustu viku hittu fulltrúar Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands stjórn og forstöðumann Náttúrustofu Vestfjarða og bæjarráð Bolungarvíkur og voru þar lögð fram og rædd drög að starfsreglum nýs fræðaseturs í Bolungarvík og samstarfssamningi þess við Náttúrustofu Vestfjarða og Bolungarvíkurkaupstað, en stefnt er að því að hvort

tveggja verði undirritað í febrúar. Fræðasetur HÍ í Bolungarvík er faglega sjálfstæð eining sem heyrir undir Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands og mun setrið hafa aðsetur í húsakynnum Náttúrustofu nú í sumar. Háskólinn skipar setrinu stjórn til þriggja ára í senn og ræður því forstöðumann sem vonir standa til að geti hafið störf í sumar.

Meginhlutverk Fræðaseturs Háskóla Íslands í Bolungarvík er að efla rannsókn- og fræðastarf Háskóla Íslands á Vestfjörðum með því að stunda og efla, í samvinnu við rannsóknastofnanir og háskóla, rannsóknir á náttúru, ferðamálum, atvinnu- og menningarsögu Vestfjarða. Einnig skal það stuðla að margvíslegri háskólakennslu

á Vestfjörðum eftir því sem kostur er í tengslum við menntastofnanir á svæðinu og efla tengsl Háskóla Íslands og annarra rannsóknarstofnana við atvinnu- og þjóðlíf á Vestfjörðum. Auk þessa vinnur Fræðasetur HÍ í Bolungarvík að þeim verkefnum sem stjórn þess eða Stofnun fræðasetra fela henni í umboði Háskóla Íslands eða ráðuneyta.



Stjórnarkjör

Verkalýðsfélag Vestfirðinga auglýsir hér með eftir listum eða tillögum um menn í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarmannaráðs fyrir starfsárin 2007 og 2008 að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Samkvæmt því ber að skila lista skipuðum formanni, varaformanni, gjaldkera og ritara ásamt 30 mönnum í trúnaðarmannaráð, tveimur skoðunarmönnum reikninga og tveimur til vara eða tillögum um menn í eitthvert, einhver eða öll stjórnarsætin sem kjósa skal til.

Hverjum framboðslista eða tillögu skulu fylga meðmæli minnst 25 fullgildra félagsmanna.

Listi stjórnar og trúnaðarmannaráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins og er birtur á vefsíðu þess www.verkvest.is.

Listum eða tillögum ber að skila á skrifstofu félagsins Pólgötu 2, Ísafirði, eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi fimmtudaginn 15. febrúar 2007.

Ísafirði, 30. janúar 2007,

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga.



550 manns skemmtu sér á Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins

Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík var haldið í 62. sinn á Broadway sl. föstudagskvöld. Þar skemmtu sér saman um 550 manns sem á einn eða annan hátt tengjast Ísafirði. Að sögn Jakobs Fals Garðarssonar veislustjóra lukkaðist kvöldið vel. Ræða Guðmundar Halldórssonar, ræðumanns kvöldsins, vakti mikla hrifningu Sólarkaffis-

gesta, þar sem hann gerði að umtalsefni sínu hvunn dags-hetjurnar sem sjaldnast eru hafnar til vegs og virðingar á opinberum skemmtunum. Ýmsum voru veittar viðurkenningar á Sólarkaffinu og þá má nefna heiðursborgara Ísafjarðarbæjar, Ruth Tryggvason.

Upp á svið var kallaður hópur Ísfirðinga sem hefur skarað

fram úr í skíðaþróttinni í gegnum tíðina og þeim klappað lof í lófa. Rúsinan í pylsuendanum að sögn Jakobs Fals var stórgott ball með Milljónamæringunum, með þá Pál Óskar og Ragga Bjarna í broddi fylkingar, þar sem gestir dönsuðu eins og þeir ættu lífið að leysa fram á rauða nótt.

Sólin lét sjá sig á Ísafirði á sólardeginum sjálfum þann

25. janúar, en í meira en 100 ár hafa Ísfirðingar fagnað komu sólar með því að drekka sólarkaffi og pönnukökur. Sólardagur er miðaður við þann dag er sól sleikir Sólögötu við Eyrartún, ef veður leyfir, eftir langa vetursetu handan fjalla. Meðfylgjandi myndir frá Sólarkaffinu tók Arnaldur Halldórsson.

– annska@bb.is



Fundu brennivín falið í Jónsgarði

Tvær ungar stelpur fundu áfengi í Jónsgarði á Ísafirði á fimmtudag. Um var að ræða kippu af bjór og tvo pela af vodka í frauðkassa og ætla má að unglingar hafi verið að verki þótt ekki sé hægt að fullyrða um það fyrir víst. Á staðnum var einnig mikið af sigarettustubbum og má draga af því þá ályktun að unglingar haldi til á þessum stað og reyki og drekki. Lögreglan lagði hald á brennivínið og mun fara með það í vínbúðina á Ísafirði þar sem því verður eytt. Lögreglan vill þakka stúlkunum fyrir árveknina.



Ritstjórnargrein

Órjúfandi samstaða er eina leiðin

Í viðtali við BB í mars s.l. kvaðst þingmaðurinn Einar Oddur Kristjánsson, aðspurður um byggðamál, bera von í brjósti þótt að hans mati hefði á undanförunum árum verið staðið þannig að verki að þetta væru „mestmegnis orð, mest einhverjar skýrslur, þar sem menn eru að velja þessum hlutum fyrir sér.“ Og hann felldi þann dóm um síðasta afrakstur stjórnvalda í þessum efnunum að „þetta (væri) bara samsafn af orðum og hvergi nokkurs staðar um heilsteypta stefnu að ræða.“ Um líkt leyti rifjaði Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður, upp þau ummæli formanns Framsóknarflokksins haustið 2003 „að röðin væri komin að Norðvesturkjördæmi“ og minnti á að ári síðar lagi flokkurinn til að næsta stóriðjuuppbygging yrði í NV-kjördæmi; að stofnaður yrði háskóli á Ísafirði innan þriggja ára og að Rarik á Vestur- og Norðurlandi yrðu sameinuð Orkubúi Vestfjarða. „Og ekkert af þessu hefur gengið eftir,“ sagði þingmaðurinn.

Í nýlegri skýrslu Bygðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands kemur fram að á árunum 1998-2004 var hagvöxtur á Vestfjörðum neikvæður um 6%. Á sama tíma var hagvöxtur um 29% á landsvísi. Um þessi válegu tímindi tjáðu bæjarstjórnir Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur og sveitarstjóri Súðavíkurhrepps sig í síðasta tölublaði BB. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar benti á að fyrir lægi „fjöldi tillagna frá verkefnisstjórn um byggðaaætlun fyrir Vestfirði frá janúar 2005 (og) á því plaggi (væri) Vaxtarsamningur um Vestfirði byggður.“ Ríkisvaldið þyrfti að fylgja betur eftir stefnumörkun sinni varðandi byggðakjarna eins og Ísafjörð. „Orð eru til alls fyrst en athafnir þurfa að fylgja af hálfu ríkisvaldsins,“ sagði bæjarstjóri. Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, benti réttilega á að Vestfirðir hefðu ekki notið „svonefnds góðæris.“ sem mikið var státað af. „Við þurfum að sjá veigameiri breytingar en við höfum fengið eða gert tilkall til þessa,“ sagði Ómar Már. Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík, kvað framkomu stjórnvalda gagnvart fólki á svæðinu beinlínis ósanngjarna. „Við eigum að krefjast þess að menn (frambjóðendur til þings) geri grein fyrir hugmyndum sínum um svæðið,“ sagði Grímur sem kvaðst þess fullviss að ef menn óxluðu þá ábyrgð sem til þarf myndi hagvöxtur á Vestfjörðum verða á sama röli og í öðrum landslutum.

BB mun hér eftir sem hingað til gera þá kröfu til þeirra sem þjóðin hefur falið að ráða ráðum sínum á hinu háa Alþingi, að mark sé takandi á orðum þeirra; að samþykktir Alþingis séu marktækar, ekki bara skýrslur um marklausar vangaveltur til endurnýtingar eftir þörfum.

Vestfirðingar hafa of lengi látið telja sér trú um að hagsmunamálum þeirra yrði á annan veg háttað en raun hefur á orðið. Um það eru dæmin mörg. Órjúfandi samstaða þeirra er eina leiðin til að snúa vörn í sókn.

s.h.

Á þessum degi fyrir 51 ári

Selfoss var eitt mesta happaskip flotans

Elsta skip flotans, Selfoss, hefur nú kvatt Ísland eftir langa og happasæla þjónustu í 38 ár. Á mánudagsmorgun sigldi hann héðan úr Reykjavíkurhöfn í síðasta sinn, án þess þó að vera kvaddur nokkurri sérstakri viðhafnarkveðju. Margir verkamenn komu niður að skipinu. Ýmir þeirra höfðu oft unnið í lestum þessa gamla skips og áttu endurminningar bundnar við skipið. [...] Um borð í Selfossi sýndi Pétur Sigurðsson 3. stýrimaður, okkur öll tækin þar um borð. Þau er fljótlega upptalin þessi tæki öll, því það er miðunarstöð og bergmálsdýptarmælir, og að sjálfsgöðu loftskæptastöð. Þegar skellur á með þoku, er bara kveikt á ratsjónni á nýju skipunum en við herna á Selfossi, höfum ekki slíkt tæki og þá taka skipsmenn sér stöðu á brúarvæng og stara út í þokuna.[...]

Báðar heimstýrjaldirnar var Selfoss í siglingum. Hann var aldrei hraðskreytt skip. En einu sinni komst hann þó upp í 18 sjóm. ferð. Það var í Pentlinum, straumurinn var þá með skipinu. Annars siglir það tæpl. með meiri hraða í góðu veðri en svona 8-9 mílur. Í síðasta stríði er öll skip fóru í lestum, gekk Selfoss oft erfiðlega að fylgja hópnum. Stundum varð skipið hreinlega viðskila við lestirnar, en skilaði sér og skipshöfn heilli á húfi.



Þingeyri við Dýrafjörð.

Atvinnumálafulltrúa Ísafjarðarbæjar

Falið að koma með tillögu að fjármögnun Víkingaverkefnis

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið atvinnumálafulltrúa að koma með tillögu að fjármögnun styrks til víkingaverkefnis á Þingeyri, en eins og kunnugt er hefur verið unnið mikið starf þar, m.a. með uppbyggingu víkingasvæðis, námskeiðshaldi og víkinga-

hátíðinni Dýrafjarðardagar. Atvinnumálanefnd barst erindi frá Víkingum á Vestfjörðum í byrjun síðasta árs, en þangað var erindinu vísað frá bæjarráði.

Bæjarráð óskaði eftir nánari greinargerð um verkefnið, upplýsingum um aðra styrki

og hver framtíðarsýn verkefnisins er. Sú greinargerð barst í lok júlí en erindið hefur enn ekki verið afgreitt. Atvinnumálanefnd lét þó bóka, þegar hún kom síðast saman í lok nóvember í fyrra, að hún teldi að á Þingeyri væri verið að vinna mjög faglega að því að

endurvekja víkingatímamann og koma honum í þann búning, að ferðamenn geti notið hans.

Atvinnumálanefnd lagði því til að erindið verði samþykkt, og hefur bæjarráð nú falið atvinnumálafulltrúa að koma með tillögu að fjármögnun styrksins.

Uppsetning nýs einleiks í uppnámi vegna styrkleysis

Kómedíuleikhúsið sótti um listamannalaun til uppsetningar nýs einleiks um skrímsli, en hlaut ekki. Var það leiklistarráð sem úthlutaði og fengu 10 leikhópar samtals 118 mánaðarlaun. Að sögn Elfars Loga Hannessonar hjá Kómedíuleikhúsinu setur þetta nokkuð strik í reikninginn, en til stóð að frumsýna einleikinn á vordögum í tengslum við fyrirhugað skrímslasafn á Bíldudal. „Við vorum komin nokkuð langt með þetta verkefni, en það er aldrei á vísan

ad róa með svona“, segir Elfar Logi.

„Nú þurfum við að hugsa okkar gang og sjá hvað við getum gert, og leita annarra ráða. Nú byrjar maður eiginlega aftur á byrjun. Ætli maður þurfi ekki að tala við bankana? Verkið er tilbúið til æfinga, við erum komin með leikstjóra og mann til að semja músík við þetta. Þetta verður sjálfsgagt dálítið ævintýri, eins og hinir einleikirnir“. Að sögn Elfars fjallar verkið um helstu tegundir og flokka skrímsla,

en Elfar Logi er eins og kunnugt er frá Bíldudal við Arnarfjörð og fullyrðir hann að helstu skrímslafræðingar séu sammála um að í Arnarfirði megi finna allar tegundir skrímsla.

„Verkið á erindi, að ég tel“, segir Elfar. „Ekki síst við æskuna. Það þarf að kynna þennan arf fyrir þeim, en ég tel skrímslin hafa orðið svolítið út undan í flórunni. Tröllin og draugarnir hafa eiginlega stolið af þeim senunni.“

Kómedíuleikhúsið er eina

atvinnuleikhúsið á Vestfjörðum, og því er þessi úrskurður leiklistarráðs súr í brotið fyrir Vestfirðinga alla. „Það er mikilvægt að auka atvinnulistir á landsbyggðinni“, segir Elfar Logi.

„Og það er erfið að standa í svona þegar ríkið sýnir því ekki áhuga. Reyndar hafa sveitarfélögin verið dugleg við að standa við bakið á okkur atvinnulistamönnum, en það dugar skammt ef ríkið vantar.“

– eirikur@bb.is

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · **Blaðamenn:** Eiríkur Örn Norðdahl, símar 456 4694 og 845 2685 eirikur@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is – Anna Sigríður Ólafsdóttir, símar 456 4680 og 860 6062, annska@bb.is · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Fulltrúar Ísafjarðarbæjar í almannavarnarnefnd

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar leggur til við bæjarstjórn að fulltrúar bæjarins í almannavarnarnefnd verði slökkviliðsstjóri og bæjartæknifræðingur, og til vara, aðstoðarslökkviliðsstjóri og byggingarfulltrúi. Verið er að skipa í sameiginlega almannavarnarnefnd og aðgerðarstjórn Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps. Nú í upphafi árs var samningur um sameiginlegar almannavarnir sveitarfélaganna undirritaður, en hann hafði verið í farvatninu í langan tíma. Sjálfkrafa sitja í nefndinni fyrir: lögreglustjórinn á Vestfjörðum, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps og yfirlögregluþjónn lögreglunar á Vestfjörðum.



Pétur Tryggvi hlýtur starfslaun

Bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar, Pétur Tryggvi Hjálmarsson, er meðal þeirra sem hlotið hafa listamannalaun frá ríkinu, og fær hann sex mánuði úr listasjóði. Pétur Tryggvi er eins og kunnugt er silfursmiður, og hefur víða vakið athygli sem slíkur undanfarin ár og áratugi, bæði hér og landi sem og erlendis. Til að mynda var altarikanna sem hann smíðaði kosin eitt af bestu silfurverkum 20. aldar af Koldinghus-listasafninu á Jótlandi, en þar er eitt stærsta silfursafn heims.

Pétur Tryggvi lauk sveins-

prófi í gullsmíði hjá föður sínum, Hjálvari Torfasyni, árið 1979, og hefur unnið við gull- og silfursmíði síðan. Hann stundaði nám í Institut for Ædelmetal í Kaupmannahöfn 1981-83. Alls bárust 506 umsóknir um starfslaun listamanna 2007, en árið 2006 bárust 503 umsóknir. 144 sóttu um starfslaun úr launasjóði rithöfunda, 185 úr launasjóði myndlistarmanna og 25 umsóknir bárust í tónskáldasjóði. 152 umsóknir bárust í listasjóði, þar af 55 frá leikhópum.

– eirukur@bb.is



Inga S. Ólafsdóttir og Auður Ólafsdóttir færa starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar, Herði Högnasyni, Presti Óskarssyni og Sigurveigu Gunnarsdóttur gjafirnar.

Stefnt að móttöku skemmtiskipa

Sjávarþorpið Suðureyri vinnur nú að undirbúningi aðstöðusköpunar á Suðureyri til að taka á móti litlum skemmtiskipum. Viðræður hafa staðið yfir við ferðaskrifstofur um að Suðureyri verði einn af viðkomustöðum skipa sem eru að sigla um vesturströnd Íslands. Ekki er gert ráð fyrir að skipin leggist að bryggju heldur felst aðstöðusköpunin í bryggju fyrir farþega-báta og að tolla og öryggismál séu í lagi.

Sjávarþorpið óskaði nýlega eftir því við hafnar-

stjórn Ísafjarðarbæjar að Sjávarþorpið fengi aðstöðu í Suðureyrarhöfn til að koma fyrir bryggju og reka hana á eign forsendum. Því erindi var hafnað á þeim forsendum að hafnarstjórn mun koma fyrir nýrri flotbryggju í Suðureyrarhöfn í vor.

Stefnt er að því að skipulagðar rútuferðir verði frá Suðureyri til þekktra viðkomustaða á svæðinu. Áhugi skipafélaga virðist vera fyrir hendi um að koma farþegum í land í spennandi ferðapjónustusamfélag eins og er verið að byggja upp á Suðureyri.

Minningarsjóður Margrétar Leósdóttur gefur skiptiborð

Minningarsjóður Margrétar Leósdóttur hefur fært endurhæfingardeild Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar 10 skiptiborð fyrir ungabörn til afnota við deildina, þar sem meðal annars fer fram ungubarnasund. Ungubarnasundið hefur verið mjög vinsælt og er fullbókað í sundið fyrir byrjendur. Inga S. Ólafsdóttir sem er í stjórn sjóðsins sagðist

hafa gert sér grein fyrir þörfinni þegar að hún fór að fara með barnabarn sitt í ungubarnasund, aðstaða til að sinna börnunum var ekki eins og best var á kosið og úr því þurfti að bæta og því valið að kaupa skiptiborðin.

Minningarsjóðurinn var stofnaður árið 1999 og er tilgangur hans að stuðla að endurmenntun, starfandi hjúkrun-

arfræðinga og sjúkraliða við Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar, með styrkjum til endurmenntunar, námskeiðshaldi, kaupum á fræðsluefni og tækjum. Nokkrum sinnum áður hefur verið veitt úr sjóðnum, til að mynda með námskeiðum fyrir starfsfólk sem annast heilabílaða og aðstandandendur þeirra og til að halda námskeiðið Lífið að láni með

Jóhanni Inga Gunnarssyni sálfræðingi.

Stjórn sjóðsins skipa Inga S. Ólafsdóttir fyrir hönd ættingja, Friðný Jóhannesdóttir, lækni og Auður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur. Minningarkort sjóðsins er hægt að nálgast í verslunum Birki og Blómaturninum á Ísafirði.

– annska@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Færist fjör í leikinn

Stutt er til alþingiskosninga. Þá ræðst grunnurinn að næstu ríkisstjórn. Hún mun ráða miklu um lífskjör næstu fjögurra ára þaðan í frá, að því gefnu að örendið endist út kjörtímabilið. Þótt nú séu aðeins rúmar 14 vikur til kosninga er margt óljóst um framboð og stefnumál. Samkvæmt skoðanakönnun er fylgi Vinstri grænna meira en Samfylkingar og Framsóknarflokkur í lágmarki. Frjálslyndi flokkurinn er á siglingu, en áhöfnin stefnir í tvær áttir.

Árni Johnsen vonar að hann hafi iðrast nóg, en heldur áfram að vera klaufalegur í tali og áttar sig tæpast á því að mörgum kjósendum þykir nauðsynlegt að þeir sem sinna löggjafarstörfum kunni að umgangast lögin af virðingu. Formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, heldur því bláskalt fram að flokkurinn tapi vegna þess að hún þori í stjórnmálum. Kjósendur eru annarrar skoðunar ef marka má skoðanakönnunir. Þær eru aðeins vísbending. Öllum er hollt að hafa í huga að kjósendur ráða með atkvæði sínu hver niðurstaða verður í vor. Hún er ekki ein um að hafa ekki tengsl við kjósendur sem duga til að starfa í samræmi við vilja þeirra. Guðjón A. Kristjánsson formaður Frjálslynda flokksins svaraði ekki spurningum um stuðning við Margréti Sverrisdóttur í forystusæti á lista flokksins í Reykjavíkurborgardæmi suður. Hann væri ekki í tilfinningalegu sambandi við stuðningsmenn Margrétar en vonaði þó að hún yfirgæfi

ekki flokkinn. Hver eru þá skilaboð hans?

Vart verður annað lesið úr ummælum hans en hún njóti ekki stuðnings formanns flokksins lengur, enda var henni vísað úr starfi fyrir stuðlan hans. Ekki blasir neitt annað við en klofningur. Nafn flokksins fylgir þá væntanlega Margréti. Mun Nýtt afl fara fram með Guðjón og félagan innan borðs í næstu kosningum? Vandræðagangur einkenndi flokksþingið og dró athyglina frá aðalfundi Samfylkingarfélagsins í Reykjavík. Yfirlýsing um réttarfars-hneyksli fór þó vart fram hjá neinum. Þar vísaði formaður Samfylkingar til Baugsmála og taldi Byrgismálið dæmi um kæruleysi valdhafa. Skoði hver í sínum ranni. Margir hafa á undanförunum árum viljað styrkja Byrgið. Ungir jafnaðarmenn hafa ályktað og gagnrýnt að ekki sé sinnt rannsókn á kynferðissamböndum í Byrginu. Þeim er starfa að löggjöf á að vera kunnugt um réttarfarsákvæði varðandi lögreglurannsóknir. Svo má spyrja hve mikið fé rann úr borgarsjóði til starfsemi Byrgisins í tíð Ingibjargar Sólrúnar borgarstjóra? Brynt er, að þeir er hyggjast stýra ríkisstjórn tali af þekkingu um mál sem þeir nú gagnrýna aðra fyrir að hafa ekki tekið réttum tókum.

Í allri þeirri pólitísku ræðu sem á sér stað er lítið talað um framtíð Vestfjarða og íbúa þeirra. Hvað eiga þeir að kjósa? Kristinn H. Gunnarsson hugsar enn. Skyldi hann fara í sérframboð?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Reiðhöllin að Söndum brátt tilbúin

Nú styttest í að reiðhöllin á Söndum í Dýrafirði verði tilbúin. Unnið er við lokafrágang á salernisaðstöðu og dómara-rými. Miklar vangaveltur voru um það hvaða efni hentaði best á reiðvöllinn sjálfan í húsinu. Lagt var sýnishorn af því sem talið var það besta og heiðursfélagi Storms, Guðmundur Ingvarsson, fenginn til að „prufukeyra“ efnið. Það var spennuþrungin stund þegar Guðmundur mætti í hús á hryssu sinni, Emblu, og biðu menn í ofvæni eftir úrskurðinum. Eftir að hafa riðið nokkrar ferðir fram og til baka kvæð Guðmundur upp með það að hryssan léti vel að stjórn og væri ánægð í húsinu. Aðstandendum hússins létti stórum við þessi orð og ályktuðu að stórum áfanga væri náð í sögu reiðhallarinnar. Nú er verið að vinna við að skipuleggja starfsemi hússins og koma henni af stað.

Berar sig fyrir unglingsstúlkum á internetinu

Tilkynningar hafa borist lögreglunni á Vestfjörðum, aðallega frá unglingsstúlkum á Ísafirði, þess efnis að ókunnur aðili eða aðilar biðji um leyfi til að eiga samtal við þær á MSN tölvusamskiptaforritinu. Aðili þessi, eða aðilar, virðist segja rangt til nafns og

eru einhver dæmi um að hann eða þeir beri sig í vefmyndavél, sem birtist þá óvænt á tölvuskjá viðkomandi stúlkna. Lögreglan er nú að rannsaka hver þessi aðili eða aðilar eru og standa góðar vonir til þess að það upplýsist. Lögreglan vill hvetja foreldra ungmenna

til þess að umgangast internetið af mikilli varúð og tala aldrei við þá sem þau ekki þekkja, hvað þá heldur að gefa slíkum aðilum upplýsingar um sig. Nánar um slíkar öryggisráðstafanir má t.d. vísa á vef landsamtakanna Heimili og skóli á vefslóðinni

heimiliogskoli.is. Þar er að finna góð ráð í þessu sambandi undir heitinu SAFT.

Athæfi sem þetta, að bera sig fyrir framan börn, getur verið refsivert, þ.e.a.s. gæti varðað kynferðisbrotakafala almennra hegningarlaga.

– eirikur@bb.is

Sækist eftir lóð við Hafnarstræti

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar tók á dögnum fyrir bréf frá Tækniþjónustu Vestfjarða, sem skrifað er fyrir hönd Íslenska eignafélagsins ehf. þar sem sótt er um lóðirnar Hafnarstræti 15 og Hafnarstræti 17 á Ísafirði. Íslenska eignafélagið ehf. hafði áður sótt um lóðina Hafnarstræti 17. Afgreiðsla umhverfisnefndar var að leggja til að bæjarstjórn hefði viðræður við núverandi lóðahafa að Hafnarstræti 15 – 17. Umhverfisnefnd frestaði erindinu enda standa yfir samningaviðræður við lóðarhafa að Hafnarstræti 15.

Bæjarstjórn fól Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra, að hefja viðræður við núverandi lóðarhafa um lóðarmál í ágúst síðastliðnum. Á svæðinu er í dag bflastæði sem Landsbankinn lét útbúa fyrir nfu árum síðan, og er bærinn með samning við bankann um lóðina, og fara þarf yfir þann samning áður en hægt er að gera eitthvað annað við svæðið, en eins og sagt hefur verið frá sóttist Hallvarður Aspelund eftir lóðinni í fyrra fyrir hönd Íslenska eignafélagsins til byggingar húss sem á meðal annars að innihalda útibú frá alþjóðlegu skyndibitakeðjunni Subway.

– eirikur@bb.is



Umrædd lóð er við hliðina á nýbyggingunni við Hafnarstræti.

Búið að staðfesta fimm tónlistaratriði á Aldrei fór ég suður

Búið er að staðfesta komu fimm atriða á Aldrei fór ég suður – Rokkhátíð alþýðunnar sem verður haldin á Ísafirði næstkomandi páska, sem verða 7. apríl. Þetta eru Benny Crespos Gang, Blonde Redhead, Jan Mayen, Lay Low og Æla. Í næstu viku verður heimasíða hátíðarinnar opnuð á slóðinni www.aldrei.is og eru allir þeir listamenn sem vilja taka þátt vinsamlegast beðnir um að lýsa yfir áhuga sínum á pósthafið aldrei@

aldrei.is hið allra fyrsta.

Á síðunni verður hægt að nálgast allar upplýsingar um hátíðina og þá sem þar koma fram, fá fréttir af undirbúningi og stöðu mála og hlusta á tón-dæmi frá einstökum listamönnum. Þetta er í fjórða skiptið sem rokkhátíð alþýðunnar fer fram, en hún er eins og kunnugt er runnin undan rifjum þeirra feðga Guðmundar Kristjánssonar, eða Mugga hafnarstjóra, og Arnar Elíasar Guðmundssonar sem betur er

þekktur sem Mugison.

Nokkurra manna nefnd hefur hafið vinnu við undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar, en þar að auki hafa fjölmörg fyrirtæki og heimamenn á Ísafirði veitt stuðning sem seint verður metinn til fjár. Allir þeir listamenn sem fram hafa komið hafa gefið vinnu sína og þáð í staðinn flutning til Ísafjarðar og gistingu eftir þörfum, páskaveislu og gott partí. Aðgangur á Aldrei fór ég suður hefur alla tíð verið

ókeypis og verður svo einnig þetta árið.

Hátíðin hefur alltaf staðið í um það bil 10 klukkustundir og má gera ráð fyrir öðru eins rokkflóði þetta árið. Á hverju ári hafa á þriðja tug innfæddra og innfluttra listamanna troðið upp við mikinn fögnuð Ísfríðinga, nærsveitamanna og gesta úr öðrum héruðum sem oft koma langa leið til að mæta á hátíðina. Ljóst er að fögnuðurinn verður ekki minni í ár.

– eirikur@bb.is



Sellósnillingurinn Erling Blöndal Bengtsson ásamt eiginkonu sinni.

Erling Blöndal Bengtsson

Fagnar 75 ára afmælinu á Ísafirði

Sellósnillingurinn heims-kunni Erling Blöndal Bengtsson verður 75 ára 8. mars nk., og hefur hann ákveðið að fagna þessum tímamótum hér vestra í faðmi fjölskyldu sinnar sem kemur hingað sérstaklega af því tilefni. Erling hefur á undanföllum árum lagt sérstaka rækt við rætur sínar og uppruna hér á Ísafirði. Móðir hans var fædd og uppalin á Ísafirði en faðir hennar var hér kaupmaður, verslaði í gamla Hæsta-kaupstaðarhúsinu við Austurvöll og er jarðsettur í gamla kirkjugarðinum.

Föstudaginn 9. mars mun

Erling síðan halda tónleika í Hömrum á vegum Tónlistarfélags Ísafjarðar. Þar koma fram með honum Einar Jóhannesson klari-nettuleikari og píanóleikarinn Nina Kavtaradze, sem er tengdadóttir Erlings. Á dagskránni verða verk eftir Beethoven, Brahms og Sjostakovitj.

Erling gerir ekki endasleppt við Ísfríðinga með þessari heimsókn, því að hann verður einnig sérstakur heiðursgestur tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið nú í sumar, og heldur þá bæði tónleika og master-class námskeið. – thelma@bb.is

Betra bak opnar verslun á Ísafirði

Húsgagnaverslunin Betra bak mun opna verslun í Ljóninu á Ísafirði í húsnæði Húsgagnaloftsins og voru samningar um það undirritaðir í síðustu viku. „Það er okkur fagnaðarefni að koma vestur, við höfum verið að horfa til þess í svölíttinn tíma enda höfum við átt góð viðskipti við Grétar Sigurðsson í Húsgagnaloftinu en hann mun reka fyrir okkur verslunina fyrir vestan“, segir Egill Reynisson, framkvæmdastjóri Betra baks.

Eins og greint hefur verið frá lokar Húsgagnaloftið í núverandi mynd í dag, 1.

febrúar. Hefjast þá endurbætur á húsnæðinu til að undirbúa opnun Betra baks. „Við ætlum að taka húsnæðið allt í gegn og stefnum að því að opna með pompi og prakt í mars. Með komu okkar munu fleiri umboð koma inn í verslunina á Ísafirði með ef til vill ferskari vörur en áður og meira af því sem er vinsælast á landinu í dag. Við munum koma með nýja vinda vestur í húsgagna-geiranum og munum vinna sameiginlega að því með Grétari að bjóða upp á bestu þjónustuna fyrir heimamenn“, segir Egill. – thelma@bb.is

„Ég var búin að vera mjög veik í töluverðan tíma. Ég átti það til að dofna upp og missa mátt í bæði höndum og fótum. Ég missti líka sjónina á hægri auga, ætli ég hafi ekki verið búin að vera svona af og til í ár, þar til ég var greind með MS.“

„Maður leggst ekki niður og“

Kristbjörg Anna Guðmundsdóttir er fædd og uppalin á Skagaströnd þar sem hún bjó fyrstu ár ævinnar. Fjölskyldan flutti síðan búferlum til höfuðborgarinnar, þar sem hún bjó fram á unglingsár Krissu, eins og hún er yfirleitt kölluð. Foreldrarir skildu að skiptum og flutti Kristbjörg með föður sínum til Ísafjarðar og bjó þar í tvö ár og undi hag sínum vel, áður en hún flutti svo aftur til Reykjavíkur. Þá var hún svo að segja farin að standa á eigin fótum, ung konan, eins og tíðkaðist í þá tíð, farin bæði á leigu- og vinnumarkaðinn. Í Reykjavík bjó hún þar til fyrir um tveimur og hálfu ári síðan er hún ákvað að flytja aftur vestur á firði. Kristbjörg hefur búið í Súðavík undanfarið ár, þar sem hún hóf nýlega sambúð með Halldóri Jónbjörnssyni.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Kristbjörg reynt á margan hátt hvað lífið er. Einungis 25 ára að aldri var hún greind með MS, taugasjúkdóm sem herjar á taugafurum miðtaugakerfisins þ.e. heila og mænu. MS eða heila- og mænusigg, eins og hann útleiggst á íslensku, er einn þeirra sjúkdóma sem gengið hefur ákaflega illa að skilja og þar af leiðandi er hann enn ólæknandi, þó búið sé að finna lyf sem geta dregið úr einkennum hans.

Kristbjörg var um árabíl í sambúð með filippseyskum manni, sem hún á með tvö börn, þannig að hún þekkir hvað það er að vera í svokölluðu blönduðu sambandi sem töluvert hefur verið í umræðunni hér á landi á undanförunum árum. Blaðamaður hitti Kristbjörgu og spurði hana aðeins út í lífið og tilveruna sem hún virðist njóta mörgu heilbrigðu fólki fremur.

Sótt vestur á firði

– Hvernig var að búa á Ísafirði á unglingsárunum?

„Mér fannst það alveg rosalega gaman“

– Það hefur nú töluvert vatn runnið til sjávar á Ísafirði síðan þá

„Já, það er alveg tvennt ólíkt að búa hér þá og nú. Það virtist vera miklu meira um að vera í félagslífi fólks á þeim tíma.“

– Þú kemur aftur hingað fyrir tveimur og hálfu ári síðan, hvað dró þig aftur?

„Mig langaði ekki að búa í Reykjavík lengur, ég þekkti fólk sem hér bjó og ákvað bara að slá til.“

– Þú flytur hingað með þáverandi sambýlismanni þínu og tveimur börnum

„Já við komum hingað með Axel son okkar sem þá var þriggja ára og Apríl dóttur okkar sem þá var tveggja. Við byrjum á að flytja á Árvelli í Hnífsdal, þar sem við vorum í hálfu ári, þar til að snjóflóðið féll (4. janúar 2005). Það

reyndar vildi svo vel til að við vorum búin að kaupa íbúð á Ísafirði sem við vorum bara að bíða eftir að fá afhenta. Þar bjuggum við svo í eitt ár áður en við fluttum til Súðavíkur þar sem við erum nú búin að vera í ár.“

– Hversvegna vildir þú flytja til Súðavíkur?

„Það er engin sérstök ástæða fyrir því, það heillaði mig bara meira á þeim tíma að búa í Súðavík.“

– Þú vinnur svo á Ísafirði, það eru nú margir sem myndu setja það fyrir sig að keyra á milli.

„Já, ég vinn í þjónustuveri Glitnis á Ísafirði. Við erum tvær sem keyrum alltaf saman og við pössum okkur bara á að vera ekki að fara ef veðrið er vont eða eitthvað tvísýnt.“

– Hvernig kanntu við þig í þjónustuverinu?

„Æðislega vel, ég hlakka til að fara í vinnuna á hverjum morgni. Það skiptir náttúrulega miklu máli hvernig mórallinn er og ég er bara að vinna með svo æðislegu fólki að þetta getur ekki verið annað en skemmtilegt“

Lifað með MS

– Kristbjörg var greind með MS sjúkdóminn fyrir rétt rúmum tveimur árum síðan. Hver var aðdragandinn að greiningunni?

„Ég var búin að vera mjög veik í töluverðan tíma. Ég átti það til að dofna upp og missa mátt í bæði höndum og fótum. Ég missti líka sjónina á hægri auga, ætli ég hafi ekki verið búin að vera svona af og til í ár, þar til ég var greind með MS.“

– Varstu þá búin að vera í miklum rannsóknum þegar að sú niðurstaða fékkst?

„Já, ég var búin að vera í töluverðum rannsóknum, en það er bara mjög erfitt að greina þennan sjúkdóm. Hann er aldrei greindur við fyrsta kast, það þarf alltaf annað til.“

– Bíða þá lækna og sérfræðingar með að opna fyrir möguleikann á að um MS geti verið að ræða?

„Já, og eins og í mínu tilfalli, þá var það líka að bíða og sjá hvað myndi gerast til að mynda til að finna viðeignandi lyf sem myndu henta mér. Eftir að ég byrjaði svo á þessum lyfjum er lífið allt annað.“

– Hvernig gerist þetta? Þú færð kast og ert send suður til rannsókna, eða hvað?

„Áður en ég flyt hingað þá fæ ég mitt fyrsta kast og er lögð inn. Þar fer ég í einhverjar rannsóknir og ligg inni í þrjár vikur, það kom ekkert út úr því nema að þeim grunaði að þetta gæti verið MS. Síðan flyt ég hingað vestur og er búin að vera hér í tæplega hálfu ári, þá fæ ég næsta kast. Við það lamast ég öll hægri megin og missi sjónina á hægri auga. Þá var ég send suður og þá fór ekki á milli mála hvað var um að ræða, þetta var MS. Ég finn auðvitað alltaf fyrir sjúkdómnum og fæ annað slagid minni köst.“

–Fyrir hverju stendur sjúkdómsheitið MS?

„Multiple Sclerosis en á íslensku er hann kallaður mörg ör. Þegar að MS sjúklingar fá kast þá myndast ör á taugavefi. Þetta er eitthvað sem hjá sumum nær að ganga til baka að hluta, en hjá öðrum eru örin varanleg.“

– Er það eitthvað sem hefur þá áhrif í næsta kasti?

„Já, það getur gert það. Köstin er svakalega misjöfn, allt frá því að geta ekki hreyft fingur upp í að geta ekki hreyft þig. Ef að örin ná að gróa eitthvað, þá getur fólk fengið til baka það sem fór í kastinu.“

– Getur greining snemma í ferlinu haft áhrif á framvinduuna?

„Það er mjög gott ef sjúkdómurinn er greindur snemma, því þá er hægt að meðhöndla hann með lyfjum. Þau koma reyndar ekki í veg fyrir köst en þau draga úr þeim, sem er



mjög gott. Því þá eru köstin minni og valda minni skaða.“

– Hvernig er þín saga eftir að þú fórst á lyfin?

„Köstin hjá mér núna koma fram í mikilli þreytu, þar sem ég verð alveg úti af þreytu og skjálfta. Ef ég er slæm, þá held ég varla á neinu í höndunum. Sjónin á það líka til að daprast, en hún hefur alltaf komið til baka. Einnig finn ég fyrir máttleysi. Ég hef verið mjög heppin þar sem það hefur alltaf allt gengið til baka hjá mér.“

– Hvernig hefur þróunin í lækningu verið? Er hægt að koma í veg fyrir að köstin verði sífellt verri?

„Það er aldrei hægt að koma alveg í veg fyrir köstin, en það er bara hægt að draga úr alvarleikanum með lyfjum.“

– Núna ert þú að bregðast vel við lyfjunum, geta lækarnir eitthvað sagt þér um framhaldið?

„Nei, þeir geta ekkert sagt. Það er ekkert hægt að sjá fyrir hvernig næsta kast verður. Það geta verið augun núna og fótleggirnir næst.“

– Hvernig varð þér við, kornungri konunni, við að fá greininguna?

„Mér brá alveg rosalega. Fyrst hugsaði ég með mér að lífinu væri lokið. Síðan þarf maður bara að læra að setta sig við það sem orðið er og halda áfram, þá er maður líka fljótari að ná sér. Maður gæti alveg lagt í þunglyndi og verið ferlega neikvæður, en ég held

að með því móti yrðu köstin bara miklu lengur að ganga yfir. Ég ræddi við konu sem er með sjúkdóminn og fékk flestar upplýsingar hjá henni. Þessi kona er um fimmtugt og er bara mjög hress, ég hugsaði með mér „fyrst að hún getur þetta, þá get ég það líka.“ Auðvitað bregður manni við að fá svona fréttir og sérstaklega þegar maður er svona ungur.“

– Hvernig gengur þér að sinna þínu daglega lífi með sjúkdómnum, þú ert útvinnandi kona sem vinnur fullan vinnudag og átt tvö ung börn sem þarf að sinna þegar að heim er komið?

„Þetta gengur mjög vel, þetta var erfitt fyrst, þegar ég var að koma mér af stað aftur. Aðalmálið er að finna hversu mikið ég þoli og get, þegar ég er meðvitund um það, þá gengur þetta vel. Ég sé alls ekki eftir því að hafa farið aftur út að vinna, það hefur bara gert mér gott. Ég var náttúrulega eitthvað frá vinnu á meðan ég var að jafna mig eftir greininguna, núna finn ég svo vel hversu mikil forréttindi það eru að fá að vinna úti. Síðan kem ég heim úr vinnu og hugsa þá um börnin mín og heimilið. Það gengur mjög vel, málið er bara að finna réttu tæknina og kunna að hætta. Það tók mig svolitinn tíma að ná því að maður getur ekki endalaust verið að. Sem betur fer þá á ég nú góða að, bæði á ég yndislega vini sem vilja allt fyrir mig gera og

síðan er kærastinn minn alveg yndislegur og hefur hjálpar mér mjög mikið.“

Filippseyskur barnsfaðir

– Þú varst í sambúð með manni af filippseyskum uppruna og þið eigid tvö börn saman. Þú hefur þar af leiðandi fyrstu handar reynslu af svokölluðum blönduðum samböndum. Varðst þú vör við fordóma?

„Ó já, ég varð töluvert vör við fordóma og í upphafi sambandsins var það bara mjög erfitt. Til dæmis það hvað fólk gat talað um sambandið okkar og fólki fannst þetta hreinlega ekki viðeigandi að fólk af tveimur kynstofnum myndi stofna til sambands. Síðan fann ég mjög vel til að byrja með hversu mikið var horft á okkur, síðan hætti ég bara að taka eftir því.“

– Þið eigid tvö börn saman sem eru þá af blönduðum uppruna, hefur þú einhver títan fundist þeim vera mismunandi vegna kynþátta þeirra?

„Nei. Þeim er allsstaðar tekið mjög vel.“

– Fólk er ekkert að halda að þú hafir ættleitt þau?

„Jú reyndar, þá hef ég nú heyrt það nokkrum sinnum. Mér finnst það nú reyndar bara myndi og hlæ að því. Dóttir mín er reyndar mjög lík mér þó hún sé dökk yfirlitum.“

– Þú fórst tvisvar sinnum með honum út til Filippseyja,

„Fólk varð mjög undrandi og það var ekkert að fara í neinar felur með það, það bara stoppaði og glápti á okkur með munninn opinn.“

og gefst upp“

heilt tveggja daga ferðalag. Hvernig brást samfélagið þar við að sjá ykkur saman? Því nú ertu ekki eingöngu af öðrum litarhætti, heldur líka ljóshærð og bláeygd.

„Það var mjög gaman að koma þarna út. Hérna á Íslandi erum við orðin nokkuð vön blönduðum samböndum og kippum okkur ekki mikið upp við slíkt í dag en þarna úti var fólk ekki vant því og þá sérstaklega að sjá filippseyskan mann vera með hvítu konu, fólk hreinlega missti andlitið. Fólk varð mjög undrandi og það var ekkert að fara í neinar felur með það, það bara stoppaði og glápti á okkur með munninn opinn. Við vorum á litlum stað töluvert fjarri höfuðborginni og þar var hvítt fólk mjög sjaldgæft og þá sérstaklega hvítar konur. Þannig að maður fékk óneitanlega mikla athygli og ekkert hægt að gera öðruvísi en á það væri horft. En fólk þarna tók mér alveg afskaplega vel og vildi allt fyrir mig gera. Það var eins og ég hefði verið búin að þekkja fólk í mörg ár, þó ég væri rétt að kynna því. Þetta var virkilega góð og mikil lífsreynsla að koma þarna út.“

– Hvar á Filippseyjum varstu?
„Ég var á eyju sem heitir Sebu og er næsta eyja við Manila.“

– Hvernig er samfélagið þar? Það er væntanlega allt annað en þú hefur mátt venjast hér.

„Já þetta er alveg tvennt ólíkt, alveg svart og hvítt. Eftir því sem við fjarlægðumst höfuðborgina, sáum við meiri fátækt og mikinn mun á búsetuskilyrðum fólks. Sumir bjuggu hreinlega í kofum. Það er líka náttúrulega allt annað loftslag, stundum var maður bara inn undir viftu, því það var hreinlega ólíft úti.“

– Er þetta bændasamfélag?
„Já, það eru allavega margir þarna sem eru með búskap, svona sem ég sá.“

– Náðir þú eitthvað að kynna fólk þarna úti, hver er lífssýnin?

„Ég eignaðist nokkra vini. Aðalmarkmiðið hjá þeim er að finna sér vinnu, því það er alveg skelfilegt atvinnuleysi þarna úti. Þeir sem eru með vinnu teljast heppnir. Fólk þarna leggur á sig nokkurra klukkustunda rútufurð tvisvar á dag til að komast til vinnu í höfuðborginni og eru þá að

leggja af stað kannski milli fjögur og fimm á morgnanna. Það sem fólk leggur á sig til að fá vinnu þarna er alveg ótrúlegt. Sumir höfðu það líka þannig að þeir voru bara í borginni á virkum dögum og komu heim til fjölskyldunnar um helgar.“

– Það er örugglega líka algengt að fólk fari í annað land til að vinna og sjá með því móti fyrir fjölskyldu sinni?

„Já, það er rosalega mikið um það að fólk fari til annarra landa. Það er bara eitt af því sem verður að gera, það er bara engin vinnu að hafa þarna úti.“

Ferðalög til framandi slóða

– Hefur þú ferðast eitthvað meira til framandi slóða?

„Já, ég hef líka farið til Afríku.“

– Hvað fékk þig til að fara alla leið þangað?

„Það má eiginlega segja að það hafi verið hann pabbi minn, hann bjó þar úti í Namibíu í nokkur ár. Ég fór og var hjá honum í mánuð þegar ég var 17-18 ára. Það var mjög gaman að kynna því hversu ólíkt samfélagið er því sem ég átti að venjast. Við bjuggum þarna í einhverjum smábæ, svona 5000-10.000 manna samfélag sem var hér um bil 500 km frá höfuðborginni.“

– Við þekkjum töluvert vel hér á Íslandi að fólk getur verið með mjög skakka mynd af landi og þjóð áður en það kemur hingað, það er til að mynda frægur misskilningur að fólk haldi að við búum í snjóhúsum. Hvaða mynd hafðir þú af Afríku áður en þú fórst þarna út?

Kristbjörg hlær og segir „Ég var einmitt með þá mynd af Afríkubúum að þeir byggju allir í strákofum. Það kom mér töluvert á óvart að komast að því að fólk raunverulega byggir í húsum. Það var líka mjög skrítið að vera þarna að því leyti að það var eins og bænum væri skipt í tvennt. Annars vegar var það fátæki helmingurinn og hins vegar ríki helmingurinn. Maður sá þarna fólk sem bjó í pappakössum og svo fólk sem bjó hreinlega í höllum, svo mikill var munurinn. Þarna ertu annað hvort ríkur eða fátækur, það er engin millistétt. Þú fæðist ríkur og verður það eða fæðist fátækur

og verður það. Það er ekki mikið um að fólk geti náð sér upp úr fátækt ef það á annað borð fæðist inn í hana, þó sumum takist það. Þetta var rosalega gaman að fá að koma þarna. Ég er ekki þannig að skella mér aðeins til London, annaðhvort fer ég eitthvað af alvöru eða ekki neitt.“

– Hvað var pabbi þinn að gera þarna úti?

„Hann var í þróunarstarfi s.s. bæði að vinna á sjó og kenna innfæddum á notkun veiðarfæra og þar fram eftir götunum. Það var þó nokkuð af Íslendingum þarna úti, alveg heilu fjölskyldurnar, sumir sem voru þarna á þessum tíma eru meira að segja enn þann dag í dag þarna. Pabbi var þarna í nokkur ár.“

– Færðu ævintýramenskuna frá honum?

„Já, ætli það ekki bara. Ég vil klárlega ferðast um allan heiminn þegar ég er komin á eftirlaun, ég er með mikið flökkueðli.“

– Ertu eitthvað farin að ákveða hvert þú ætlar næst?

„Nei, það freistar óneitanlega að fara í bakpokaferðalag til Suður-Ameríku, en ætli ég láti ekki duga í þetta sinn að fara til Spánar í sumarfrí með börnin.“

Ætlar að verða gömul í Súðavík

– Hefurðu í hyggju að vera áfram í Súðavík?

„Já, alveg örugglega, það er mjög gott að vera þar og krakkarnir elska það. Ætli ég verði ekki bara þar þangað til ég verð gömul og grá, það er allavega ekkert annað í kortunum á þessari stundu.“

– Nú veit ég að þú hefur haft jákvæðni að leiðarljósi í lífinu og þá einnig í baráttu þinni við sjúkdóminn, hvert sækirðu hana?

„Ég er bara alin upp þannig að ef það er eitthvað sem bjátar á, þá er hægt að vinna sig út úr öllum sköpuðum hlutum og maður einfaldlega leggst ekki niður og gefst upp.“

– Hefur þú eitthvað sótt í andleg málefni?

„Nei ég get ekki sagt það,“ segir Kristbjörg Anna Guðmundsdóttir að lokum sem bara tekst á við hvað sem að höndum ber með báða fætur á jörðinni.

– annska@bb.is



Gamla slökkvibifreiðin ekki fól

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur hafnað kauptilboði í gamla slökkvibifreið sem er í eigu sveitarfélagsins. Brynjólfur Þór Brynjólfsson, fyrrum útibússtjóri Landbankans á Ísafirði, endurnýjaði á dögnum tilboð í Ford bifreið frá árinu 1930 sem hljóðaði upp á 200 þúsund krónur. Eftir að hafa fengið umsagnir forstöðumanns Bygðasafns Vestfjarða og slökkviliðsstjóra Ísafjarðarbæjar þar sem þeir mæla ekki með sölu bifreiðarinnar tók bæjarráð ákvörðun að hafna tilboðinu. Um er að ræða fjögurra cyl. Ford AA sem var upphaflega vörubíll. Hann var lengdur og settur í hann fjögurra gíra gírkassi líklega úr 34 módelinu. Erlendur vélsmiður í Hafnarfirði smíðaði tank á Fordinn og á hann var sett rennislísdæla.

Hundur í þriðja hverju húsi

Hundum hefur fjölgað mikið í Súðavík að undanfögnu og eru hundar í um þriðja hverju húsi í þorpinu. Samkvæmt upplýsingum sveitarstjóra eru 20 hundar nú skráðir í Súðavík en íbúðarhúsi eru um 63. Af þessum tölum að dæma hljóta Súðavíkingar að vera miklir hundavinir enda er um að ræða besta vin mannsins eins og máltækid segir.

Með gerð jarðganga yrðu öll meiriháttar vandamál í Óshlíð leyst í einu lagi

Eins og fram kom í síðasta BB er umræðan um samgöngubætur á vegi um Óshlíð svo sannarlega ekki ný af nálinni, og var það m.a. rifjað upp í síðustu viku að Guðmundur Kristjánsson hefði haldið því fram fyrir tæpum 25 árum að spursmálið með Óshlíðina yrði ekki leyst nema með yfirbyggingu eða jarðgöngum. Nú hefur blaðið komist yfir eintak af grein Ólafs Kristjánssonar, forseta bæjarstjórnar Bolungarvíkur frá 10. apríl 1982, en þar kemur ýmislegt fram sem fróðlegt er að rifja upp.

Lýsir Ólafur samskiptum Ísfirðinga og Bolvíkinga, segir hrepparíginn óðum að hverfa og að allir viðurkenni orðið að óskynsamlegt sé að „dreifa þjónustu- og stjórnstöðvum um of, eða drita þeim niður af handahófi. Þannig hefur Ísafjörður orðið fyrir valinu hér á Norðursvæðinu til að vera miðdepill samgangna og samskipta, auk þess að þar hefur verið sameinast um uppbyggingu á sviði heilbrigðisþjónustu, á sviði mennta- og skólamála og annarra þátta“.

Bandir Ólafur á að við út-reikning á hagnaði af samgöngubótum verði að taka inn marga þætti og nefnir m.a. þann sparnað og hagræði sem felst í samvinnu og samrekstri sveitarfélaga og hjá ríkisvaldi.

Þá segir: „Í nóvembermánuði 1981 skilaði Vegagerð ríkisins skýrslu um Óshlíð, þ.e. aukid umferðaröryggi og athugun valkosta, vil ég leyfa mér hér að kynna stuttan útdrátt úr þeirri skýrslu en þar segir m.a.: „Samgönguráðherra hefur óskað eftir því að Vegagerð ríkisins geri tillögur um úrbætur sem hefði í för með sér stóraukið öryggi vegfarenda á Djúpvegi í Óshlíð. Ferill vegarins um Óshlíð er mjög lélegur. Hefur vegurinn á undanförunum árum verið með mjög háa slysatíðni, á s.l. sex vetrum hafa fallið 467 snjóflóð á veginn, eftir því sem næst verður komist, og hætta á grjóthruni er afar mikil. Umferðarþungi um Óshlíð er talsverður, eða um 320 bílar á sólarhring að jafnaði yfir árið.“

Ádallega er um þrjá valkosti að ræða, sem þó veita mismunandi mikla aukningu á umferðaröryggi:



Ólafur Kristjánsson.

1. a) Jarðgöng frá Seljadal að Fremra-Ósi – 135 m. kr. b) Lagfæring vegar og breikkun vegrása frá Skarfaskeri að Seljadal – 5 m. kr. Samtals: 140 m. kr.

2. Lagfæring vegar og gerð 3-8 m vegrása í allri Óshlíð. Uppsetning viðvörunarljósa. – 30 m. kr. Samtals: 30 m. kr.

3. a) Lagfæring vegar og gerð 3-8 m vegrása í allri Óshlíð. Uppsetning viðvörunarljósa. – 30 m. kr. b) Gerð vegþekja í Steinsólfæru – 10 m. kr. c) Gerð vegþekja í Ófæru með Stiga og við Hvanngjár í seinni áföngum eftir aðstæðum – 20 m. kr. Samtals: 60 m. kr.

Valkostur 1 veitir mesta aukningu á öryggi en gera verður ráð fyrir að valkostur 3 veiti einnig mjög umtalsverða aukningu á umferðaröryggi. Mjög hæpið er að valkostur 2 veiti það öryggi sem eftir er sóst. Með hliðsjón af hinum mikla mismuni á kostnaði, leggur Vegagerð ríkisins til, að framkvæmdir verði miðaðar við valkost 3, og að áframhaldandi rannsóknir og hönnun miðist við val á þeim kosti. Með þeim valkosti er gerður sá fyrirvari, að ákvörðun um byggingu vegþekja, annarra en í Steinsólfæru, verði tekin eftir að vegurinn á viðkomandi stöðum hefur verið lagfærður, þannig að unnt verði að taka tillit til þess árangurs, sem næðist með þeim aðgerðum. Kostnaður við gerð vegþekjanna er þó að fullu tekinn með í kostnaðar-áætlanir.“ [Hér lýkur tilvitnun í skýrslu Vegagerðar ríkisins].

Bolvíkingar fagna því, að nú skuli hafa komið fram skýrsla um Óshlíð og umræða hafin um úrbætur er ná til lengri framtíðar. Áður en lokaákvörðun um úrbætur verður tekin er rétt að ítarleg umræða og skoðanaskipti fari fram milli aðila.

Ljóst er að valkostur 1 þ.e. jarðgöng 4,2 km frá Seljadal með útkomu nálægt Fremra-Ósi í Syðridal veitir mesta umferðaröryggið, en er um leið dýrasti kostur að mati Vegagerðarinnar. Jarðfræðilegar aðstæður til jarðganga eru taldar vera góðar á íslenskan mælikvarða og vil ég sérstaklega vekja athygli á því mati Vegagerðar ríkisins, sem hlýtur að vera mjög þungt en það er eftirfarandi: „Með gerð jarðganganna á milli Seljalds og Fremri-Óss yrðu öll meiriháttar vandamál í Óshlíð leyst í einu lagi.“

Lagfæring vegar og gerð 3-8 m vegrása í allri Óshlíð ásamt uppsetningu viðvörunarljósa vegna snjóflóða er hér afskrifuð ein sér, enda veitir þessi framkvæmd ekki það öryggi sem sóst er eftir. Valkostur 3 sem felur í sér byggingu vegþekja auk ofangreindra lagfæringa, eða tillaga Vegagerðarinnar um framtíðarláusn þarf frekari flugunar við áður en lokaákvörðun verður tekin. Þrátt fyrir lagfæringu og byggingu vegþekja næst

SKRIPAD 10. apríl 1982

Ólafur Kristjánsson, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur:

Óshlíð – Samskipti Bolvíkinga og Ísfirðinga

Forsenda bettra lífskjara, atvinnuleg uppbygging, samvinnu og sameining sveitarfélaga, svo og öll manleg samskipti á sviði félags- og menningarmála eru háð greiðum og öruggum samgöngum árið um kring, hvort heldur er á landi, lofti eða sjó.

Samgöngumálin kalla á mikil framkvæmdir, skipulag og hagsjón svo okkur auðnast að ná því marki, að tengja saman byggðir, tengja saman svæði og landsbjóta með það í huga, að stöðla að lífskjólgátt á Vestfjörðum um leið og við gerum búnastrýggari.

Breytir búskapshættir og vinnubrögð, auknar öryggiskætur og samskiptahættir ásamt nýjum framfarisviðhorfum kalla á umræðu um samgöngumál.

Í þessari grein vil ég einkabeita mig við samgöngu og samskipti milli Bolvíkinga og Ísfirðinga, en tilfellið er skýrsla Vegagerðar ríkisins um „Djúpvæg um Óshlíð“. Ég vil þó koma á framfæri þeirri skoðun minni, að nauðsynlegt er að hlið fyrsta verði gerð heildarvitni á samgönguvanda hvers héraðs eða sveitar, þannig að síðar verði hægt að ræða verkefnum í forgangsröð m.t.t. þarfa og þjónu fyrir vestfirsku byggð.

AUKIN SAMSKIPTI SVEITARFÉLAGA

Í þeirri mikla umræðu, sem ná er um verkefningu ríkis og sveitarfélaga hefur aðal beindur í

skipta, auk þess að þar hefur verið sameinast um uppbyggingu á sviði heilbrigðisþjónustu, á sviði mennta- og skólamála og annarra þátta.

Hér má einnig benda á samvinnu og samrekstur um sorpeyðingastöð á Skarfaskeri í Hálfdal. Dyr rektor þjónustua, og uppbygging þjónustua, svo sem á sviði íþróttamála, nægri hér að nefna skólavæði, gólfvöll, aðstöðu fyrir heilbrigðisátt, almennu útvistarvæði – (Fólkvangi) –, rektor íþróttavalla, og mannvirkjagæð önnur tengd nefndum þáttum. Svo og véla- og starfsmannahald kallar

Það sem torveldar er VEGARSTÆÐID SJÁLFT OG HÆTTUR VEGNA SNJÓFLÓÐA OG GRJÓTHRUNS.

SKÝRSLA VEGAGERÐARINNAR:

Í nóvembermánuði 1981 skilaði Vegagerð ríkisins skýrslu um Óshlíð, þ.e. aukid umferðaröryggi og athugun valkosta, vil ég leyfa mér hér að kynna stuttan útdrátt úr þeirri skýrslu en þar segir m.a.: „Samgönguráðherra hefur óskað eftir því, að Vegagerð ríkisins geri tillögur um úrbætur, sem hefðu í för með sér stóraukið öryggi vegfarenda á Djúpvegi í Óshlíð. Ferill vegarins um Óshlíð er mjög lélegur. Hefur vegurinn á undanförunum árum verið með

mjög háa slysatíðni, á s.l. sex vetrum hafa fallið 467 snjóflóð á veginn, eftir því sem næst verður komist, og hætta á grjóthruni er afar mikil. Umferðarþungi um Óshlíð er talsverður, eða um 320 bílar á sólarhring að jafnaði yfir árið. Ádallega er um þrjá valkosti að ræða, sem þó veita mismunandi mikla aukningu á umferðaröryggi.“

Umræðarþungi um Óshlíð er talsverður, eða um 320 bílar á sólarhring að jafnaði yfir árið.

Ádallega er um þrjá valkosti að ræða, sem þó veita mismunandi mikla aukningu á umferðaröryggi.

1. a) Jarðgöng frá Seljadal að Fremra-Ósi – 135 m. kr. b) Lagfæring vegar og breikkun vegrása frá Skarfaskeri að Seljadal – 5 m. kr. Samtals: 140 m. kr.

2. Lagfæring vegar og gerð 3-8 m vegrása í allri Óshlíð. Uppsetning viðvörunarljósa. – 30 m. kr. Samtals: 30 m. kr.

3. a) Lagfæring vegar og gerð 3-8 m vegrása í allri Óshlíð. Uppsetning viðvörunarljósa. – 30 m. kr. b) Gerð vegþekja í Steinsólfæru – 10 m. kr. c) Gerð vegþekja í Ófæru með Stiga og við Hvanngjár í seinni áföngum eftir aðstæðum – 20 m. kr. Samtals: 60 m. kr.

Valkostur 1 veitir mesta aukningu á öryggi, en gera verður ráð fyrir að valkostur 3 veiti einnig mjög umtalsverða aukningu á umferðaröryggi. Mjög hæpið er að valkostur 2 veiti það öryggi sem eftir er sóst.

Með hliðsjón af hinum mikla mismuni á kostnaði, leggur Vegagerð ríkisins til, að framkvæmdir verði miðaðar við valkost 3, og að áframhaldandi rannsóknir og hönnun miðist við val á þeim kosti. Með þeim valkosti er gerður sá fyrirvari, að ákvörðun um byggingu vegþekja, annarra en í Steinsólfæru, verði tekin eftir að vegurinn á viðkomandi stöðum hefur verið lagfærður, þannig að unnt verði að taka tillit til þess árangurs, sem næðist með þeim aðgerðum. Kostnaður við gerð vegþekjanna er þó að fullu tekinn með í kostnaðar-áætlanir.“

Bolvíkingar fagna því, að nú skuli hafa komið fram skýrsla um Óshlíð og umræða hafin um

Grein Ólafs Kristjánssonar birtist í Vestfirsku fréttablaðinu 10. apríl, 1982.

ekki nema um 50% umferðaröryggi eins og segir í skýrslunni: „Öll stærri snjóflóð og meiriháttar aurskriður og grjóthrun félli eftir sem áður á veginn og fram af honum að hluta til.“ Þá er réttilega bent á, að „viðhaldsþörf veggrásanna yrði veruleg, til þess að viðhalda stöðvunareiginleikum þeirra gagnvart grjóthruni og snjóflóðum.“ Virðist mér hér þurfa að gera ítarlega grein fyrir hugsanlegum viðhaldskostnaði við Óshlíð og ekki síður hvernig hugsað er að hálfu Vegagerðarinnar að umferð verði um Óshlíð á meðan á framkvæmdum stendur, en miklar og langvarandi truflanir á umferð um Óshlíð geta haft alvarlegar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir allt afhafnalíf, verzlun og viðskipti, svo ég tali nú ekki um þá umferðarfjötra, sem óhjákvæmilega eru samfara slíkum framkvæmdum.

Það þarf því engan að undra þótt við Bolvíkingar viljum fá fram umræðu um þetta mikilsverða hagsmunamál okkar tekin. Þrátt fyrir lagfæringu og byggingu vegþekja næst

við að miklir fjármunir eru í húfi, en ef við lítum til lengri framtíðar og þess ávinnings, sem ég hefi hér að framan reynt að lýsa og á að skila sér í auknum samskiptum er álitamál hvað er dýrt og hvað er ekki dýrt.

Sú spurning hlýtur að leita á hugann, hvort annað sé réttlætlegt fyrir næstu kynslóðir, en þeir sem nú um þessi mál fjalla og taka ákvörðun um framtíðarleið, milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar, verði ekki að stíga sporið til fulls, þ.e. velja þá leið sem mest öryggi veitir, en það eru jarðgöng. Við skulum líka hafa í huga að samstarf Bolvíkinga og Ísfirðinga ræður miklu um hvernig til tekst í framtíðinni hér við norðanvert Djúp, að byggja upp atvinnu, félags- og menningarlíf, en takist það vel munu aðrar byggðir Vestfjarða njóta þess.

Við væntum þess að umræða um þessi mál fari fram með sem mestri víðsýni, staðhættir verði vel athugaðir um leið og litið er til framtíðarinnar.“

Þá rekur Ólafur niðurstöður

greinar sinnar svo:

1. Stóraukið verði fé til framkvæmda á sviði samgangna.
2. Með bættem samgöngum verði komið á auknum samskiptum og samrekstri hinna ýmsu verkefna sveitarfélagaanna.
3. Tekin verði afstaða til þjónustuvæða m.t.t. samgangna.
4. Markvisst verði unnið að framkvæmdum á Óshlíð til að auka umferðaröryggi vegfarenda.
5. Metinn verði til fjár sá þáttur er flokkast getur undir sparnað og hagræði fyrir sveitarfélög og ríkisvaldið vegna aukinnar samvinnu þessara aðila.

Loks segir: „Verði af hálfu ríkisvaldsins tekið tillit til ofangreindra atriða er ég þess fullviss að sveitarfélögin verða færari en nú til að takast á við vandamál líðandi stundar og geta frekar mætt kröfum nútímans um bættu þjónustu, menningarlega þjónbyggingu og atvinnulegt öryggi.“

– eirikur@bb.is

Stútungur haldinn í 73. sinn

Stútungur, þorablót Flateyringa, verður haldið í íþróttahúsinu á Flateyri á laugardag. Síðustu ár hefur Stútungur verið annálaður fyrir vegleg heimatilbúin skemmtiatriði og hafa heilu revíurnar verið samdar af þessu tilefni. Að venju verður boðið upp á alíslenskan þorramat og annað góðgæti og opinn bar að aukí. Skemmtunin hefst kl. 20 og að henni lokinni halda Margrét og Baldur uppi fjörinu fram á nótt. Þorablót Flateyringa hefur frá árinu 1935 verið haldið undir nafninu Stútungur og fer því nú fram í 73. sinn. Stútuingsnefndin gekk í hús á Flateyri í gær til að skrá niður þátttöku en blótið er opið öllum 18 ára og eldri, og koma gestir jafnan víða að.



Leyfum landinu að njóta vafans

Að undanfögnu hefur farið fram töluverð umræða um Hornstrandarfriðlandið og nágrenni þess m.a. Jökulfirði ástæða þessarar miklu umræðu nú má eflaust rekja til hinnar umdeildu vegagerðar í Leirufirði árið 2005, sitt sýnist hverjum um þá framkvæmd eins og gengur. Í mínum huga var vegagerðin í Leirufirði slys sem menn hafa enn ekki séð fyrir endann á, en vegagerð um alla Jökulfirði og Hornstrandir yrði meiriháttar stórslys. Það er í raun með ólíkindum að menn skuli yfirleitt vera að tala um vegagerð á þessum slóðum, ekki hefur gengið svo vel að koma á almenningu vegakerfi á milli byggðra bóla á Vestfjörðum þar sem þörfin fyrir vegasamgöngur er svo sannarlega fyrir hendi.

Árið 2005 var gerður svokallaður Vaxtarsamningur Vestfjarða þar sem fjölmörg fyrirtæki og sveitarfélög á Vestfjörðum ásamt Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu koma að með fjármagn og þekkingu. Samningur þessi gildir frá árinu 2005 til 2008 og byggist á nýjum aðferðum við að styrkja hagvöxt einstakra svæða, í þessu tilfalli Vestfjarða. Markmið með þessum samningi er að auka samkeppnishæfni svæðisins, efla hagvöxt þróar og styrkja helstu vaxtagreinar.

Í Vaxtarsamningi Vestfjarða eru settar fram fjölmargar tillögur sem allar falla undir markmið samningsins. Ein af þessum tillögum fjallar um stofnun svokallaðrar Hornstrandarstofu sem á að vera

einskonar rannsóknar og þekkingarstofa. Í rökunum fyrir þessari tillögu kemur m.a. fram eftirfarandi „Hornstrandir og Jökulfirðir eru langstærstu óbyggðir Íslands þar sem engin vélknúin umferð er á landi. Sérstaða svæðisins er óumdeild og ber að veita henni enn frekari athygli með stofnun Hornstrandarstofu.”

En hver er þessi sérstaða? Hvað er það við þetta svæði sem hleypir svo miklum hita í menn, hver er sérstaða Jökulfjarða og Hornstranda umfram önnur svæði landsins? Af hverju sækir fólk svo mikið í þetta svæði sem raun ber vitni? Jökulfirðir hafa ekki verið í byggð í rúmlega hálfa öld, engar vegasamgöngur voru inn á svæðið þar til hinn umdeildi Leirufjarðarvegur var lagður. Engin vélknúin ökutæki hafa verið á þessu svæði frá því að það lagðist í eyði, þar til fyrir nokkrum árum, að safnast hafa upp nokkrar stórvirkar vinnuvélar utarlega í Jökulfjörðum og fer þar nú fram umfangsmikil hafnargerð.

Sjálfur hef ég farið um Jökulfirði á hverju einasta ári frá því að ég man eftir mér. Einkum hef ég dvalið þar yfir sumartímum. Ég hef stundað refaveiðar á þessu svæði í nokkra áratugi, fyrst með föður mínum, sem fæddur er þar og uppálinn, og síðan í félagi við annan mann. Ég hef margofter gengið bæði fjörur og fjöll á þessu svæði og tel mig því vera farinn að þekkja það nokkuð vel, bæði kosti þess og galla. Síðustu 6 árin hef ég og fjölskylda mín, ásamt ann-



Hallgrímur Magnús Sigurjónsson.

arri fjölskyldu, átt sumarbrústað í hinum fræga Leirufirði.

Í mínum huga hefur sérstaða Jökulfjarða og Hornstranda falist í hinna ósnortna náttúru, fjölskrúðugum gróðri og fuglalífi, sögu svæðisins og þess fólks sem þar bjó, oft við þröngan kost og erfiðar aðstæður. Helsta sérstaðan finnst mér þó vera kyrrðin og friðsældin sem er engu lík enda svæðið laust við bílaumferð og skarkala þéttbýlisins. Á góðviðrísðögum hefur kyrrðin verið slík að heyra hefur mátt mannamál í mörg hundruð metra fjarlægð. Enda þótti ekki tiltökumál á árum áður að kalla yfir fjörðinn (Leirufjörðinn) og óska eftir því að vera ferjastur yfir með báti, eins og fram kom í viðtali við Alexander Einarsson frá Dynjanda. Í gegnum árin hef ég verið þeirra ánægju aðnjótandi að hitta fjöldan allan af ferðamönnum á þessum slóðum, bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Upplifun þessa fólks hefur öll verið á einn veg, ósnortin náttúra, friðsæld, kyrrð, náttúrufergurð.

Aðgengi að Jökulfjörðum var framan af frekar erfitt þegar minna var um öflugna báta heldur en nú er. Undanfarnir ár hafa verið að byggjast upp við Djúp, myndarleg ferðapjónustufyrirtæki sem hafa í sinni þjónustu góða báta af ýmsum stærðum og bjóða upp á tíðar áætlanar- og leigufærir, bæði um Hornstrandir og Jökulfirði. Fatlaðir og aldraðir hafa getað nýtt sér þjónustu þessara báta jafnt sem aðrir og er þetta í raun mun þægilegri og fljótlegru ferðamáti heldur en að skröltast um í bíl, klukkutímum saman, yfir úfna vegar slóða. Úr því að ekki voru lagðir vegir til Jökulfjarða og Hornstranda fyrir meira en hálfri öld, á meðan fólk stundaði búskap þar, þá þarf varla á þeim að halda í dag.

Hvernig viljum við sjá þetta svæði í framtíðinni? Hvaða hagsmuni höfum við af því? Hverjir hafa hagsmuni af því? Er það markmið að skófla inn sem flestum ferðamönnum á svæðið, jafnvel í rútum, viljum við getað stjórnað því hverjir eða hversu margir koma á svæðið? Getur verið að „sérstaðan“ sem ég taldi að fælist í þessu landsvæði og ég nefndi hér að ofan fari minnkandi? Getur verið að innan fárra ára verði komnir vegir um alla firði með tilheyrandi bílaumferð? Svo virðist sem einstaka landeigendur á svæðinu séu smátt og smátt að búa til vegi og hafnir með stórvirkum vinnuvélum án þess að nokkuð sé að gert. Hver verður „sérstaðan“ þá? Friðland eða þjóðgarður?

Ekki ætla ég að hafa skoðun á því eins og er, en ef það er það sem þarf til að vernda „sérstöðu“ svæðisins þá er ég hlynntur því. Betra þætti mér þó að landeigendur og aðrir hagsmunaaðilar næðu góðri sátt um hvernig best sé að nýta, viðhalda og vernda „sérstöðuna“, án atbeina utanaðkomandi aðila.

Mörgum spurningum er ósvarað um Hornstrandir, Jökulfirði og nálæg svæði. Í dag hefur engin ákvörðun verið

tekin um framtíðarskipulag þess, hvorki af landeigendum (sem eru æði margir) hagsmunaaðilum né þar til bærum yfirvöldum eða stofnunum. Á meðan svo er ástatt skulum við leyfa landinu að njóta vafans og láta það óáreið fyrir vegagerð og umferð vélknúinna ökutækja. Það hefur aldrei verið talin góð aðferð að skjóta fyrst og spyrja svo.

Með baráttukveðju,
Hallgrímur Magnús
Sigurjónsson, Ísafirði.



Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

Viltu vinna á áhuga-verðum vinnustað!

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum er áhugaverður vinnustaður með fjölbreytta starfsemi og þar eru störf í boði.

Þjónustuíbúðir Ísafirði

Okkur vantar starfsfólk til starfa í þjónustuíbúðum. Um er að ræða tvær stöður, 60% og 80% í afleysingum frá 15. mars. Störf felast í að veita fólki með fötlun aðstoð við athafnir daglegs lífs inn á heimilum þeirra og úti í samfélaginu.

Um er að ræða vaktavinnu, kvöld- og helgarvaktir. Gefandi störf!

Upplýsingar veitir Sólveig Bessa í síma 863 3561 eða á skrifstofu, sími 456 5224.

Skammtíamavistun Ísafirði

Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi með börnum? Starfsmaður óskast í 65% starf í vaktavinnu frá 1. febrúar. Starfið felst í aðstoð við athafnir daglegs lífs, tómsundastarf og einstaklingsbundnum stuðningi.

Upplýsingar gefur Margrét J. Magnúsdóttir í síma 893 1366 eða á skrifstofu í síma 456 5224.

Við leitum að fólki sem hefur:

- áhuga á að vinna með öðru fólki.
- hæfni í mannlegum samskiptum
- jákvæð viðhorf.

Umsóknarfrestur er til 10. febrúar 2007. Umsókn getur gilt í allt að 6 mánuði. Laun eru samkvæmt kjarasamningum SFR BHM og og fjármálaráðuneytisins.

Umsóknareyðublöð fást á Svæðisskrifstofu að Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Togarlöndunum á Vestfjörðum fækkaði um 67% á tveimur árum

Smábatalöndunum fækkaði í öllum höfnum á Vestfjörðum á tímabilinu 2004-2006 nema á Hólmavík, þar sem þeim fjölgaði úr 260 í 384, eða um 48%. Þá fækkaði löndunum úr stærri bátum í langflestum höfnum á tímabilinu, en fjölgaði á Flateyri, Suðureyri, Súðavík og á Drangnesi.

Á Flateyri fjölgaði þeim úr 158 í 235, á Suðureyri fjölgaði þeim úr 2 í 74, í Súðavík fjölgaði þeim úr 12 í 34 og á Drangnesi fjölgaði þeim úr 72 í 105. Árið 2004 lönduðu togarar í sex höfnum á Vestfjörðum: á Patreksfirði, á

Bíldudal, á Flateyri, í Bolungarvík, á Ísafirði og í Súðavík. Í fyrra var einungis landað á Ísafirði, en þar fækkaði löndunum úr 119 í 73 á tímabilinu.

Alls voru smábatalandanir 11.241 árið 2004, en 7.602 í fyrra og hafði þá fækkað um 3.639 eða 32%. Landanir úr stærri bátum voru 1.624 árið 2004, en 1.251 í fyrra og fækkaði því um 373, eða um 23%.

Togarlöndunir á Vestfjörðum voru 218 árið 2004, en 73 í fyrra og fækkaði því um 145 á tímabilinu, eða um 67%.

– eirikur@bb.is

Páll Pálsson ÍS-102.



Sunnukórsballið



Glæsileg hátíð Sunnukórsins

Sunnukórsballið var haldið í 73. sinn í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardagskvöld. „Ballið heppnaðist afar vel. Fólk skemmti sér vel og borðaði snittur og sólarpönnukökur þar til það fór heim“, segir Hildur Pétursdóttir úr skemmtinefnd. Ballið var að vanda vel sótt og töldu gestirnir um 160. Dansleikurinn fór fram með glæsibrag en nú sem endranær var vegleg dagskrá í boði þar sem tónlist var í hávegum höfð. Auk þeirra skemmtiatriða sem voru í höndum skemmtinefndarinnar, söng söngkonan og kórstjórinn Ingunn Sturludóttir ásamt Guðmundi Hagalínssyni og kvartett steig á stökk, að ógleymdum sjálfum Sunnukórnum. Veislustjóri var Beata Joó og þótti hún fara á kostum. Það voru matreiðslumeistarar frá SKG veitingum sem töfrðu fram snittur og hinar ómissandi Sunnukórspönnukökur. Að loknu borðhaldi héldu Margrét og Baldur uppi fjörinu og var dansað sleitulaust til kl. 3. Meðfylgjandi myndir voru teknar á ballinu.



Sárt kvartað undan hundaskít í Hnífsdal

Blaðinu hafa borist fjölmargar kvartanir vegna lausagöngu hunda í Hnífsdal sem er, eins og kunnugt er, bönnuð og sérstaklega vegna þess sóðaskaps sem henni fylgir. Eftir eina kvörtunina fór ljósmyndari blaðsins á vettvang og tók meðfylgjandi mynd á Skólavegi en samkvæmt upplýsingum íbúa sem hafði samband við blaðamann er sóðaskapinn að finna víða um dalinn. Af og til berast kvartanir gegn lausagöngu hunda en ekkert virðist breytast í þeim efnum. Það segir sig sjálf að ef reglur eru ekki virtar þá skapast óánægja meðal bæjarbúa og getur það valdið því að andstaða myndist gegn almennu hundahaldi. Hundaeigendur eru því hvattir til að hirða vel um dýr sín.



Funi enn starfsleyfislaus

Sorpbrennslan Funi á Ísafirði starfar nú án tilskilins leyfis en stafsleyfi hennar og þar með leyfi til urðunar sorps að Klofningi við Flateyri rann út í júlí á síðasta ári. Í nóvember sl. var haft samband við

Þór Tómasson hjá Umhverfisstofnun sem sagði nýtt starfsleyfi væntanlegt um leið og búið væri að fara yfir þær athugasemdir sem bárust vegna starfseminnar.

Taldi hann málefni Funa

fljót afgreidd en sagði að erfiðar gæti reynst með afgreislumála er lúta að sorpurðun við Klofning og sagði hann þá að málin ættu að vera farin að skýrast eða komin á hreint eftir tvær vikur. Ekkert hefur

bólað á starfsleyfinu síðan þá og segir Þór nú sinn eigin slóðahátt og önnur verkefni teifa málið. Hjá Ísafjarðarbæ fengust þær fréttir að Umhverfisstofnun væri að vinna í málinu. – annska@bb.is



Hlíf, íbúðir aldraðra á Ísafirði.

712 milljónum úthlutað úr framkvæmdasjóði aldraðra

Ekkert fjármagn til Vestfjarða

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2007 til uppbyggingar verkefna í öldrunarþjónustu, og komu engar úthlutanir í hlut Vestfirðinga. Til ráðstöfunar í sjóðnum voru samtals 711,8 milljónir króna. Af þeim var 655,1 milljón úthlutað úr framkvæmdasjóði aldraðra. 174,6 milljónir á Reykjanes, 236,7 milljónir til Reykjavíkur, 63,2 milljónir á Vesturland, 14,2 milljónir á Norðurland vestra, 900 þúsund á Norðurland eystra, 49,5 milljónir

á Austurland og 116 milljónir á Suðurland. Samkvæmt lögum um málefni aldraðra skal Framkvæmdasjóður aldraðra stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt. Fjármagni skal varið til byggingar þjónustumiðstöðva og dagvistar og byggingar stofnana fyrir aldraða. Framlög og úthlutanir til þróunarverkefna námu 59,7 milljónum króna.

Alls voru veitt framlög til 12 aðila vegna fjölgunar hjúkrunarrýma, samtals 441 milljón króna. Alls voru veitt framlög til 14 aðila vegna breytinga á

vistrýmum, s.s. fjölgunar einbýla og annarra endurbóta, samtals 77,3 milljónir króna. Alls voru veitt framlög til 13 aðila vegna byggingar þjónustumiðstöðva og dagvistana eða breytinga á slíku húsnæði, samtals 136,9 milljónir króna.

Hlutverk sjóðsins er einnig að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu fyrir aldraða og til viðhalds húsnæðis dagvistar- dvalar- og hjúkrunarheimila. Loks er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til annarra verkefna sem stuðla að upp-

byggingu öldrunarþjónustu. Framkvæmdasjóður aldraðra fær tekjur af sérstöku gjaldi sem lagt er á skattskylda einstaklinga samkvæmt lögum um tekjuskatt.

Ákvörðun ráðherra er í samræmi við tillögur Samstarfsnefndar um málefni aldraðra sem fer með stjórn framkvæmdasjóðsins og gerir tillögur um úthlutanir úr honum til ráðherra. Að svo stöddu er ekki vitað hvort ástæðan fyrir því að ekki var úthlutað til Vestfjarða er sú að ekki hafi verið sótt um eða sú að umsóknum hafi verið hafnað.

Grein um Vestfirði í erlendu tímariti

„Á vestasta hluta Evrópu er Ísafjörður, miðstöð verslunar og fiskiðnaðar á Vestfjörðum, sem eru tengdir meginlandinu með mjóum granda. Bjartmálud timburhúsin, heimili þeirra þrjú- eða fjögur þúsund íbúa sem þar búa, eru umkringd óspilltum óbyggðum. Bygðasafnið er hápunktur. Í verslunum má finna handgerðar loppapeysur og leirmuni, sem í er brennt malað hraun,“ segir

Linda Fasteson sem var farþegi um borð í skemmtiskipinu Amsterdam sem kom til Ísafjarðar í ágúst sl. Hún hefur ritað grein í nýjasta hefti Explore, sem er mánaðarrit fyrir athafnasama eldri borgara, þar sem hún segir frá heimsókn sinni á Vestfirði.

Linda mælir með ferð í eyjunu Vigur, sem hún lýsir svona: „Ferðin er með bát af svæðinu út í örsmáu eyjuna

Vigur, þar sem Hugu Magnúsdóttir opnar heimili sitt fyrir gestum sem vilja heyra um einstakt líf fjölskyldu hennar, hvernig þau hafa týnt dún úr aldargömlum steinvegg byggðum af fjölskyldunni, þar sem 3600 æðarfuglar koma aftur til varps vor hvert. Á sumrin koma um 80.000 lundar og hitta aftur maka sína og neðanjarðar hreiðrin, og bæta þar við fæðukeðjuna. Á meðan

harðir vetrar ganga yfir, er dúnninn hreinsaður og hugsað er um kýrnar. Við drukkum kaffi sem var lagað úr fersku íslensku vatni og gæddum okkur á heimagerðu bakkelsinu inni í indælu 19. aldar húsi fjölskyldunnar, sem minnir á málverk eftir Carl Larsson.“

Frá greininni var sagt á vesturferðir.is.

– annska@bb.is



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

löggiltur fasteignasali

Hafnarstræti 1 - Ísafirði • Sími: 456 3244

Guðmundur Óli Tryggvason

löggiltur fasteignasali

Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is

Heimasíða: www.fsv.is



Aðalstræti 20, Ísafirði

100m² þriggja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi í miðbænum, ásamt sér geymslu.

11.900.000,-



Skipagata 11, Ísafirði

78,4 m² einbýlishús úr timbri á tveimur hæðum ásamt eignarlóð, tvö svefnherbergi.

8.500.000,-



Hlíðarvegur 24, Ísafirði

180,6 m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt 45,6 m² stórum geymsluskúr. Kjallari er steiptur en efri hæðir eru úr timbri.

14.900.000,-



Skólastígur 24, Bolungarvík

140,2 ferm. parhús á tveimur hæðum, sem byggt var úr steinsteypu 1959, fjögur svefnherbergi.

7.200.000,-



Silfurgata 11, Ísafirði

125 m² fjögurra herbergja íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölbýlishúsi.

10.000.000,-



Bakkavegur 6, Hnífsdal

179,2 m² klætt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 23 m² bílskúr og sólskála.

15.900.000,-



Heiðarbraut 12 - Holt, Hnífsdal

220 m² Einbýlishús á tveimur hæðum. Neðri hæð er steipt en efri hæð er byggð úr timbri, bílskúr er ca 21 m².

18.000.000,-



Sundstræti 36, Ísafirði

118,9 m² nýjar 3ja herbergja íbúðir í fjölbýli ásamt staði í bílgeymslu, ath aðeins 3 íbúðir eftir.

21.500.000,-



Aðalstræti 13, Ísafirði

Samtals 184 m² 4-5 herbergja íbúð í tvíbýli í miðbæ Ísafjarðar, geymslur í kjallara og helmingur bílskúrs fylgir.

15.000.000,-



Garðavegur 4, Hnífsdal

117 m² steinsteypt raðhús á tveimur hæðum ásamt 28 m² bílskúr, þrjú svefnherbergi.

8.200.000

Aðalfundur

Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ heldur aðalfund fyrir árið 2006 í Sjálfstæðishúsinu að Hafnarstræti 12 (2. hæð), fimmtudaginn 8. febrúar kl. 20:00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf. 2. Kosning fulltrúa á landsfund. 3. Önnur mál.

Stjórnin.

SKG veitingar halda í hefðirnar

SKG veitingar á Ísafirði bjóða nú upp á þorramat í hádeginu alla daga. Þorramaturinn er framreiddur á stórum platta. Þar gefur að líta hangikjöt, saltkjöt, sviðasultu, síld, harðfisk, hákarl, rófustöppu, kartöflumús, rúgbrauð, flatkökur, smjör og að sjálfsögðu hinn gamla og góða súrmat. Eflaust mun það gleðja margan manninn að nú er súr hvalur aftur fáanlegur og prýðir að sjálfsögðu þennan platta. Einnig er í boði nú á þorranum síldardiskur sem samanstendur af þremur tegundum af síld, rúgbrauði og öðru meðlæti. Auk þessa er að sjálfsögðu hægt að gæða sér á hinum ýmsu réttum af matseðli hússins og einnig eru í boði tvær tegundir af súpum auk salatbars. SKG veitingar bjóða auk þess hópum stórum sem smáum upp á að fá þorramat tilbúið í trogum hvort sem er afgreitt í veitingasal eða út í bæ.



Birgitta í hlutverki Öldu í Degi vonar. Mynd: Borgarleikhúsið.

„Hér ætla ég líka að gifta mig“

Birgitta Birgisdóttir er nýútskrifuð leikkona sem hefur nú þegar átt töluverðu láni að fagna á leiklistarbrautinni. Hún komst strax á samning hjá Borgarleikhúsinu eftir útskrift úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands og hefur á sínu fyrsta leikári verið í tveimur stórum og krefjandi hlutverkum. Margir þekkja Birgittu úr ansi sköndnum ölauglýsingum þar sem hún leikur á móti Pétri Jóhanni Sigfússyni.

Stúlkan er fædd í Reykjavík árið 1979 og ólst hún upp í Kópavogi, en hún hefur alla tíð borið sterkar taugar vestur á firði og undanfarin tvö sumur hefur hún dvalist á Ísafirði, þar sem hún sá um unglíngaleikhópinn Morrann. Birgitta er dóttir Birgis Úlfssonar, sem er sonur Úlfs Gunnarssonar fyrrum lækni og heiðursborgara á Ísafirði og konu hans Benediktu Gunnarsson. Ekki nóg með þá tengingu við fjórðunginn, heldur er móðir Birgittu, Brynja Jörundsdóttir, Súðvíkingur, en hún er dóttir Jörundar Engilbertssonar og Bjarnveigar Guðmundsdóttur sem þar bjuggu.

– Vegna þessara tengsla er óhætt að gera ráð fyrir að þú hafir heimsótt Vestfirði á æskuárunum?

„Já, við fjölskyldan fórum yfirleitt alla páska til Ísafjarðar á skíði. Ég var einmitt að rifja það upp um daginn þegar við vorum að keyra til Ísafjarðar á einhverjum ömurlegum bíl, Lödu, minnir mig. Öll fjölskyldan í einhverjum blindbyl. Við vorum að fara og það var ekkert sem stöðv-

aði okkur, það liggur við að það hafi engu skipt hversu marga daga við myndum vera á leiðinni – það var farið! Við fórum líka mikið á sumrin, allavega einu sinni hvert sumar.“

– Minnst þú þess að hafa kynnst einhverju fólki í þessum heimsóknum?

„Ég var nú alltaf að leika með einhverjum krökkum. Eldri systur mínar tvær og þá sérstaklega elsta systir mín var

mjög mikið hér og hún kom til dæmis til að dvelja sumarlangt og vinna í fiski. Hún var nú mest í því að kynnast öðru fólki. Ég man eftir einni systur vinkonu systur minnar sem ég lék mér með.“

–Hvernig er Ísafjörður í æskuminningunni?

„Í æskuminningunni, þegar ég hugsa um það núna er eins og Ísafjarðartíminn sé eitthvað heilagt. Það var svo ótrúlega gott og gaman að koma til

Ísafjarðar og vera hjá ömmu og afa.

Föðursystir mín, Kristín Úlfsdóttir, bjó lengi á Ísafirði og var meðal annars að kenna á skíði. Eitt skipti langaði hana voða mikið til að fá mig í heimsókn, en ég var þá fimm ára og ég fer til dvalarinnar og á að vera í einhverjar tvær vikur þar sem hún ætlaði bara að fá að dúllast með mig, fara á skíði og þess háttar. Ég var nú ekki mikið búin að vera á skíðum, en eitthvað var ég nú búin að renna mér, nema hvað að frænka mig tekur sig til og lætur mig keppa á skíðum. Það tókst nú ekki betur til en svo að í upphafi brautar renn ég á rassinn og rann þannig niður alla brekkuna. Kristín frænka var á þessum tíma nýfarin að vera með manningum sínum og mér fannst ekki alveg nógu spennandi að vera hjá henni og manningum hennar, svo hún mátti gjöra svo vel að fara með mig til ömmu og afa.“

Ísafjörður í uppáhaldi

– Er hægt að kalla þig hreinræktaðan Vestfirðing í grunninn?

„Varla er það nú hægt þar sem pabbi var aðfluttur, en amma og afi flytja til Ísafjarðar þegar hann er 9 ára. Hann vill samt kalla sig Ísfirðing og er mjög stoltur af því. En það má ekki gleyma því að móðir mín er fæddur og uppallinn Súðvíkingur.“

– Varst þú þá líka hjá ættingjum í Súðavík, þegar þú varst yngri?

„Amma og afi í Súðavík voru flutt suður þegar að ég fæðist. En eftir að snjóflóðið féll á Súðavík kaupir afi aftur húsið sem hann hafði byggt þar í kringum 1960. Þetta hús er núna í eigu mömmu og systkina hennar, svo við förum alltaf þangað árlega og höfum gert það á hverju sumri frá því að afi keypti húsið.

Síðustu tvö sumur hafa síðan verið öðruvísi þar sem ég hef verið allt sumarið á Vestfjörðum.“

– Já, þú hefur séð um leikhópinn Morrann núna undanfarin tvö ár. Hvernig atvikaðist það?

„Ég hafði oft hugsað um að mig langaði að vera eitthvað fyrir vestan, en aldrei vitað beinlínis hvað ég ætti að vera að gera. Síðan var það svo að vinkona mín, sem þekkir Greip (Gíslason), ætlaði að koma vestur en komst svo ekki og benti á mig í staðinn og ég var fljót að grípa tækifærið.“

–Hvernig líkaði þér dvölin?

„Mér fannst þetta alveg frábært.“

– Hvaða mynd hefurðu af Ísafirði eftir að hafa dvalið hér?

„Það kom mér svo á óvart hvað allir eru ótrúlega viðkunnlegir og bara atriði eins og það að allir hafi húsin sín ólæst, finnst mér vera svo falllegt. Fyrra sumarið mitt þegar ég var að fá íbúðina mína af-



Löndunum fækkar mikið á Ísafirði

Löndunum í Ísafjarðarhöfn hefur fækkað töluvert á síðustu árum, samkvæmt nýjustu tölum Fiskistofu, og á það raunar við víða um land, þó aukning verði á einstaka stöðum. Á síðastliðnu ári voru sem dæmi 73 togaralandanir í Ísafjarðarhöfn á miðað við 119 togaralandanir árið 2004, og 78 togaralandanir árið 2005. Batar í flokknum „stærri bátar“ lönduðu 14 sinnum í fyrra, 14 sinnum árið þar á undan en 85 sinnum árið 2004. Þá voru smábátalandanir 466 talsins í fyrra, 639 árið þar á undan en 806 árið 2004. Samkvæmt þessum tölum fækkar togaralöndunum um 39% á tveimur árum, frá 2004-2006, löndunum „stærri báta“ fækkar um 83,5% á tímabilinu og löndunum smábáta fækkar um 42%.

henta og leigusalinn var eiginlega kominn út um dyrnar, var ég mikið að velta því fyrir mér hvenær hann ætlaði eiginlega að láta mig hafa lyklna. Ég var svolítið stressuð að spyrja hann um þá en þegar hann var kominn út á gang stóðst ég ekki mátið lengur og sagði „en lykillinn?“ „Lykillinn“ svarar hann þá, „ég veit ekki hvort ég eigi neinn lykil til.“ Þarna fattaði ég það að lykjar væru ekki mikið atriði á Ísafirði. Önnur saga í svipuðum dúr er af því er gömul skólasystir þabba bauð mér í mat. Hún hringdi í mig og sagði mér í símann hvar hún ætti heima. Ég fer þangað, finn húsið og banka og banka og ekkert gerst, ég fór þá að velta fyrir mér hvort ég væri örugglega á réttum stað. Allt í einu kemur konan til dyra og sagðist hreinlega ekki hafa kannast við hljóðið því á hennar heimili væri yfirleitt ekki bankað, það gengu allir bara inn, þannig að næst þegar ég kæmi ætti ég nú bara að gera það. Mér finnst þetta svo ótrúlega falllegt, rómantískt og vinalagt. Þetta er eitt af mörgu sem mér dettur í hug.“

– Varstu aðallega að vinna, eða gastu gefið þér færi á að ferðast um svæðið?

„Fyrsta sumarið fór ég miklu minna en mig langaði. Tíminn liður bara svo hratt og ég var auðvitað ekki í neinu fríi. Ég fór þó eitthvað. Það voru rosa margir sem nýttu sér það að koma í heimsókn til mín, sem var mjög gaman. Ég fór til að mynda á Bfldudals grænar, það var alveg meiriháttar. Ég man ekki eftir því að hafa komið á Bfldudal áður þó ég hafi eflaust komið þangað sem barn. Að keyra yfir var alveg frábært því maður sér svo mikið á leiðinni. Ég fór líka á Galtarvita sem var æðislegt, ég fór svo aftur þangað núna seinna sumarið mitt og þá gengum við frá Skálavík og yfir, gistum eina helgi og gengum svo til baka. Ég hugsaði með mér þegar ég horfði upp fjallið „þetta get ég aldrei“ en síðan bara tók þetta svolitinn tíma, en yfir fór ég.“

Ég gekk upp í Naustahvilt fyrri sumarið mitt, sem var rosalega gaman, því ég á svo sterkar minningar tengdar skálinni. Húsið sem amma og afi átti var beint á móti hvilftinni og amma sagði mér svo oft söguna af skessunni sem þarna hafði verið í fótabaði og ég man að ég trúði henni svo innilega, þannig að mér fannst mjög gaman að koma þarna upp.“

– Áttu þér uppáhalds stað á Vestfjörðum?

„Ísafjörður er uppáhaldsstaðurinn, þó mér finnst ein-

hvern veginn allt jafn fallegt.“

– Stefnirðu að því að koma aftur hingað í náinni framtíð?

„Já ég er að fara að gifta mig í sumar í kirkjunni í Súðavík. Mamma og pabbi giftu sig þar fyrir um 40 árum síðan. Þegar ég var lítil, svona 9-10 ára, fór ég einu sinni með þeim í kirkjugarðinn þar sem langamma er jörðuð og þau voru að rifja upp brúðkaupið og man að ég hugsaði með mér „hér ætla ég líka að gifta mig.“ Verðandi maðurinn minn á ættir að rekja bæði í Grunnavík og Álftafjörð. Hann var með mér á Ísafirði síðasta sumar, en hann var að taka upp geisladisk með hljómsveitinni sinni í Tónlistarskólanum, en við kynntumst á Ísafirði fyrra sumarið mitt.“

Fyrstu skrefin á framabrautinni

–Svo við vindum okkur nú að öðru. Þú hefur ekki setið auðum höndum frá því þú útskrifaðist úr leiklistardeild listaháskólans sl. vor?

„Nei, ég fékk samning rétt áður en ég útskrifaðist, við Borgarleikhúsið og var óneitanlega glöð með það, svona sérstaklega af því ég hafði ekki hugmynd um hvað ég væri að fara að gera. Borgarleikhússtjóri kom til mín og bauð mér árssamning til að byrja með.“

– Og þú hefur fengið ansi bitastæð hlutverk.

„Já mér var eiginlega bara kastað beint út í djúpu laugina. Ég er einmitt að fara frumsýna í kvöld (11. janúar þegar viðtalið átti sér stað) seinna verkið mitt sem heitir Dagur vonar og er mjög spennit fyrir því. Þar leik ég stelpu sem er geðveik, en verkið er íslenskt fjölskyldudrama. Það gerist í kringum 1955, áður en lyf og lækningar buðust fyrir fólk sem var veikt á geði, svo það var bara sent inn á einhverjar stofnanir. Það er verið að spyrja rosalega stórra spurninga í verkinu og skoða þetta vandasama samband á milli fólks. Rosalega flott verk eftir Birgi Sigurðsson.“

– Blaðamaður kveður leikkonuna ungu og spýtir á eftir henni áður en hún stígur á svið í fyrsta sinn fyrir almenningsjónum sem Alda í Degi vonar.
– annska@bb.is



Birgitta ásamt stúlkum úr Morranum.



Birgitta ásamt Hilmi Snæ Guðnasyni í Amadeus. Mynd: Borgarleikhúsið.

ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ Í ÚTIBÚ GLITNIS Á ÍSAFIRÐI

Við leitum að kraftmiklum starfsmanni í lið þjónustufulltrúa útíbúsins. Við leitum að áhugasömum einstaklingi sem hefur metnað og vilja til að veita viðskiptavinum úrvalsþjónustu og getur hafið störf fljótlega

Helstu verkefni

- Gjaldkerastörf og uppgjör sjóðs
- Fjármálaráðgjöf
- Sala á þjónustupáttum bankans
- Að veita framúrskarandi þjónustu

Hæfniskröfur

- Frumkvæði og söluhæfileikar
- Geta unnið undir álagi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Nákvæmni og talnaskilningur
- Samstarfshæfni
- Háskólamenntun æskileg

Nánari upplýsingar veitir Hallgrímur Magnús Sigurjónsson útíbússtjóri í síma 440 3143, netfang hallgrimur.magnus.sigurjonsson@glitnir.is. Umsóknir óskast fylltar út á www.glitnir.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang sigrun.olafs@isb.is. Umsóknarfrestur er til 11. febrúar nk.

GLITNIR

Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltadóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

Vefsíðan

<http://bjorgmundur.blog.is/blog/bjorgmundur>

„Er samviska þín í lagi þegar þú ferð að sofa í kvöld? Það skiptir engu máli hvað öðrum finnst um þig eða hvernig öðrum finnst þú eigir að vera. Við erum það sem við hugsum og um leið og við áttum okkur á því þá verðum við að beina hugsun okkar í rétta átt. Okkar líðan og þar af leiðandi hugsun okkar um okkur sjálf byggist ekki á því hvað öðrum finnst að við höfum gert rétt, heldur hvað okkur finnst um okkur sjálf.“

Smáauglýsingar

Til sölu er sjö manna Mitsubishi Space-Wagon árg. 97. Upplýsingar í síma 849 9486.

Óska eftir að kaupa notað og vel með farið piano. Upplýsingar í síma 895 0292.

Samsung GSM samlokusími fannst við Ísafjarðarkirkju. Eigandi getur vitjað hans hjá Jóni kirkjuverði.

Til sölu er ísskápur, örbylgjuofn og sjónvarp. Úpl. í síma 456 3928 og 456 4323.

Til sölu er Nissan Micra árg. 99, ekinn 69 þús. km. Nýskoðaður og á nýjum nagladekkju. Tilboð óskast. Uppl. í síma 866 5304.

Til sölu er dökkgrár Lexus IS 200 árg. 2000, ekinn 63 þús. km. Tilboð óskast. Uppl. í síma 866 5304 og 456 4381.

Slysavarnakonur! Föndurvinnan hefst þriðjudaginn 6. febrúar kl. 19:30 í Guðmundarbúð og verður öll þriðjudagskvöld í vetur.

Flutningabílstjóri með flutningabíl í Reykjavík óskar eftir að flytja ferskan fisk eða loðnu, frysta sild eða makrill, þungaflutning eða léttan. Fullkominn kællir og frystikerfi. 2.500 kg. lyfta. Uppl. í síma 861 7845.

Til sölu er BMW 735 árg. 1991. Uppl. í síma 844 7128.

Til sölu er lítið notað hjónarúm, hefur bara verið notað fyrir gesti. Sér ekkert á því. Á sama stað er til sölu nýlegur 2ja sæta sófi. Uppl. í síma 862 3679.

Grunnvíkingar ath! Þorablótið verður í Félagsheimilinu í Hnífsdal 10. febrúar nk. Fylgist með auglýsingum.

Kaupi bíla til niðurrifs. Upplýsingar í síma 899 4201.

Til sölu er MMC Outlander árg. 2005, ekinn 28 þús. km. Fallegur bíll. Sumar- og vetrardekk. Tilboð óskast. Uppl. í símu 450 2404 og 456 7305.

Mjólkurstöðvargangan á laugardag

Mjólkurstöðvargangan, árvissst skíðagöngumót sem kennt er við Mjólkurstöðina á Ísafirði, verður haldin á Seljalandsdal á laugardag. Keppt verður með frjálstri aðferð í öllum aldursflokkum.

Skráning í mótið fer fram milli kl. 11 og 12 á laugardag á staðnum. Er það von aðstandenda mótsins að sem flestir gönguáhugamenn mæti til leiks á laugardag.

Spurning vikunnar

Ertu sátt/ur við nýjustu gjaldskrárhækkanir hjá Ísafjarðarbæ?

Alls svöruðu 713.

Já sögðu 140 eða 20%

Nei sögðu 502 eða 70%

Hlutlausir voru 71 eða 10%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Ætti að vera löngu búíð að gera jarðgöng á Óshlíð

Ævisaga Rögna Aðalsteinsdóttur bónda á Laugabóli í Laugardal við Ísafjarðardjúp var mest selda ævisagan þessi jól. Bókin sem ber nafnið Ljósíð í Djúpinu er saga sterkrar og sjálfstæðrar konu sem upplifir meiri sorgir en lagðar eru á flest fólk. Bæjarins besta sló á þráðinn til Rögnu til að forvitnast um það sem drifið hefur á daga hennar frá því að bókin kom út. Hún var þá stödd í Fjórðungssjúkrahúsinu í Ísafirði og var farið að langa til að komast heim á Laugaból. Hún deildi með blaðinu áhyggjum sínum yfir vegaframkvæmdum á leiðinni inn í Djúp.

– Hvað er að fréttu af þér Ragna?

„Það er allt gott að fréttu af mér, fyrir utan að ég er á spítala. Ég er inniliggjandi og er í einhverjum rannsóknunum. Ég er þó á fótum.“

– Þetta hefur viðburðaríkt ár hjá þér.

„Já þetta hefur verið viðburðaríkt eins þau hafa reyndar mörg verið.“

– Ertu ánægð með viðtökurnar sem Ljósíð í Djúpinu fékk?

„Jú mjög ánægð. Ég sé börn hér á sjúkrahúsinu vera að lesa bókina og eitt þeirra var að gráta yfir henni í morgun.“

– Já hún snertir marga þessa saga.

„Já hún snertir bæði unga sem aldna. Það eru voðaleg ósköp af fólki sem hringt hefur í mig út og það er því greinilegt að hún snertir við fólki, enda eru í henni hlutir sem eru sárir.“

Súðavíkurhlíðin orðin stórhættuleg

– Hefurðu þurft að ferðast mikið þetta árið vegna bókarinnar?

„Nei ekki svo, ég fór tvisvar suður þar sem ég og Reynir Traustason árituðum bókina á nokkrum stöðum í Reykjavík.“

– Það hefur því verið nóg að gera hjá þér?

„Já það er alltaf nóg að gera sem er af hinu góða finnst mér. Allavega í mínu tilviki finnst mér að maður verði að hafa eitthvað að gera til að gleyma fortíðinni, annars myndi maður ekki lifa af svona áföll.“

– Er eitthvað á dagskrá hjá þér á næstunni?

„Ekki nema að losna út af spítalanum og komast heim. Maður er þó næstum alveg hættur að þora að fara á milli Ísafjarðar og inn í Djúp þar sem það búíð er rífa upp allt og spæna á veginum og gera alls konar skápa. Mér finnst það bara til þess að auka þá miklu hættu sem er á þessari leið, það er orðið mun hættulegra en það var. Það er verið að grafa skápa inn í hlíðar sem eru snarbrattar og þá hrynur grjót sem losnar niður og vætan rennur af stað. Ég veit ekki alveg hvaða hugsun er að baki svona framkvæmda. Nú er orðið stórhættulegt á bæði


Súðavíkurhlíðinni og Óshlíðinni eins og hún er vond. Mér finnst það vera óverjandi að verið sé að eyða peningum í svona framkvæmdir í stað þess að gera jarðgöng. Það ætti nú löngu að vera búíð að gera jarðgöng á Óshlíð. Ég missti nú son minn á Óshlíðinni í snjóflóði og fólk

er oft að hafa samband við mig sem hefur misst einhvern á hlíðinni. Þau eru ansi mörg mannlífín sem hafa farið þarna þegar maður tekur þau saman. Svo er verið að rífa upp Súðavíkurhlíðina sem hefur verið gróin svo hún er að verða eins slæm. Manni verður hugsað til fólksins sem þarf að fara þarna á milli. Frá þessari stuttu leið frá hamrinum á Óshlíð og inn í Súðavík hef ég misst fjögur börn og barnabörn. Þrátt fyrir að almenningur sjái hversu vitlaust það er að vera rífa og spæna hlíðina þá halda ráðamennirnir sínu striki. Ég á ekki orð yfir þessu“, segir Ragna.



Eiríkur Örn fær viðurkenningu

Ísfrska skáldinu Eiríki Erni Norðdahl hefur verið veitt viðurkenning Lista- og menningarráðs Kópavogs fyrir ljóð sitt, parabolusetning. Fékk hann að launum 100.000 krónur. Ljóð Eiríks var eitt af 350 sem send voru í samkeppni um ljóðstaf Jóns úr Vör. Ljóðstafinn sjálfan að þessu sinni hlaut Guðrún Hannesdóttir, en Eiríkur Örn og Hjörtur Marteinson fengu viðurkenningu fyrir ljóð sín sem vöktu sérstaka athygli dómnefndar. Parabolusetning er surrealistísk myndljóð, sem er í laginu eins og kertastjaki. Eiríkur segir það nokkuð erfitt fyrir hann sjálfan að útskýra ljóðið frekar „félagi minn, ljóðskáldið Valur Brynjar, segir ljóðið vera varnaðarorð til ungra stúlkna um að vara sig á karlkyninu.“



Séra Magnús Erlingsson sést hér með einn fuglanna sem kemur til með að prýða nýju altarisöfluna.

Leirlóugerðin fer vel af stað

Um síðastliðna helgi var fyrsta vinnustofan af þeim fjórum sem fyrirhugaðar eru í leirlóugerð fyrir nýja altarisöflu Ísafjarðarkirkju. Vinnustofan er í Vestrahúsinu þar sem áður var til húsa meðal annars flóamarkaður JC og vörulager Vífilfells. Í þessari atrennu voru gerðir í kringum 90 fuglar sem koma eflaust til með að sóma sér vel í fyrirhugaðri altarisöflu. Fuglarnir eru merktir og nöfn þeirra, sem þá gerðu er skráð niður og haldið til haga. Næstu vinnustofur verða frá 25. febrúar til 4. mars, og verða þær opnar frá 10-18 alla dagana. Síðasta vinnustofan er svo í dymbilvikunni, þannig að brottfluttum sem koma í heim-sókn á fornar slóðir um páska-ana gefst kostur á að gera sinn fugl. Hugmyndin er að hér um bil 500 fuglar muni prýða



Einbeitingin skín úr svip stúlkanna við listöjuna.

altarisöflun sem óhætt er að segja að sé nýstárleg. Þau fyrstu sem fengu að gera sína fugla voru fermingarbörnin

sem koma til með að fermast í ár í Ísafjarðarkirkju og voru myndirnar sem fylgja með teknar við það tækifæri. Vinnu-

stofur eiga eftir að vera haldnar með bæði grunnskólaknemum sem og menntskólum.

Hugmyndin á bak við verkið sem listakonan Ólöf Nordal á heidurinn af, er sú að hvert sóknarbarn komi og móti sinn fugl úr leir. Táknfræði verksins er meðal annars sú að hver fugl sé eins og bæn okkar til Guðs, bæn fyrir friði í heiminum, bæn um að andi Guð komi yfir okkur, bæn um innblástur til góðra verka, tákn fyrir trú, von og kærleika. Listakonan sjálf hefur yfirumsjón með framkvæmd verksins auk þess að hafa sér til aðstoðar Ólöfu Oddsdóttur leirlistakonu. Altaristaflan verður svo sett upp í Ísafjarðarkirkju í sumar.

– annska@bb.is



Listakonan Ólöf Nordal sem er höfundur verksins liðsinnir hér tveimur fermingardrengjum við fuglgerðina.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Minnkandi norðvestanátt NA-lands fram eftir degi, él og vægt frost. Annars vaxandi suðaustanátt með signingu eða slyddu S- og V-lands síðdegis. Hiti 0-7stig. **Horfur á laugardag:** Suðvestanátt og él, en léttskýjað á NA- og A-landi. Kólnandi veður. **Horfur á sunnudag:** Norðanátt og snjócoma eða él, en léttir til sunnanlands. Frost um land allt.



Sælkeri vikunnar er Tinna Gunnarsdóttir á Ísafirði

Kjúklinga-fajitas og skyrkaka

Sælkeri vikunnar býður fyrst upp á Kjúklinga-fajitas fyrir 4. „Þennan kjúklingarétt fékk ég fyrst hjá Indíönu vinkonu minni og hef verið sjúk í hann síðan enda er hann auðveldur og gómsætur“, segir Tinna sem býður einnig upp á kalda spínatssósu sem hún segir að sé frábær með allskonar mat, sem salatsósa eða sem ídýfa fyrir gulrætur, brokkolí og fleira grænmeti. Í eftirrétt er skyrterta sem Tinna fékk hjá Sóleyju vinnufélaga sínum og jafnast á við hvaða ostaköku sem er.

Gott er að hafa hrísgrjón og ferskt salat með.

Köld spínatssósa

- 1/2 l ab-mjólk
- 100 g ferskt spínat
- 1 dl fetastur
- 2 stk hvítlauksrif
- Smá oregano
- Smá sjávarsalt og svartur pipar

Setjið ab-mjólkina í sigti eða kaffifilter og látið leka af henni í um 1 klst. Setja spínatið í matvinnsluvél ásamt, fetastu, hvítlauk og fersku eða þurrkuðu oregano og maukið. Hellið ab-mjólkinni í skál og hrærið spínatblönduna úti. Bragðið til með smá sjávarsalti og svörtum pipar.

Kjúklinga-fajitas fyrir 4

- 4 kjúklingabringur
- 1-2 paprikur
- 1 rauðlaukur
- Nokkrir sveppir
- 1 dolla af ostasósu
- Pakki af fajitas pönnu kökum

Skerið kjúklingabringurnar í smáa bita sem eru steiktir á pönnu og látnir vera í smá stund. Skerið síðan grænmetið smátt og bætt út á pönnuna, í blálökin er ostasósunni hellt yfir. Kjúklingurinn og grænmetið er síðan skammtað í pönnukökurnar, þeim rúllað upp og komið fyrir í eldföstu móti. Síðan er rifnum osti stráð yfir og eldfasta mótinu skellt inn í ofn og tekið út þegar osturinn er farinn að bráðna og orðinn gullbrúnn.

Skyrterta

- 1 pakki Kanil kex frá Lu
- 1 dós KEA skyr
- 1/2 l rjómi
- Bláberjasulta

Kexið er mulið og sett í skál eða á disk með háum köntum. Skyrinu og létt þeyttum rjómanum blandað saman. Sett ofan á kexið og þjappað aðeins. Ofan á þetta er svo sultan sett, og skemmtilegt að skera jarðaber í helminga og setja ofan á.

Ég skora á Þórunni Önnu Elíasdóttur á Ísafirði að vera næsta sælkeri.

Blaðamaður

Blaðamaður óskast til starfa á Bæjarins besta og fréttavefinn bb.is. Um er að ræða fullt starf frá mars-apríl 2007.

Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku og góða almenna þekkingu, einkum á vestfirsku samfélagi. Jafnframt þarf hann að vera framtakssamur og áráðinn.

Nánari upplýsingar gefur Sigurjón J. Sigurðsson í síma 456 4560.



Um 200 snjóflóð féllu á milli Ísafjarðar og Súðavíkur á fimm ára tímabili

Alls féllu 133 snjóflóð á veginn milli Ísafjarðar og Súðavíkur á árinu 2001 til 2005, þar af 100 á veginn um Súðavíkurhlíð og 33 á veginn um Kirkjubólshlíð. Þá féllu 68 snjóflóð á sama tímabili á veginn um Óshlíð milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Þetta kom fram á Alþingi í svari

Sturlu Böðvarssonar, samgönguráðherra, við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur, alþingismanns. Í svari kom einnig fram, að alls hefur veginn milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur verið lokað í 18 daga á sama árabili vegna grjóthruns og snjóflóða, þar af í 10 daga árið 2005.

Í svari við annari fyrirspurn frá Önnu Kristínu kom fram, að á veginum milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur hafa á síðustu 10 árum orðið eitt banaslys, 4 alvarleg slys, 21 slys með litlum meiðslum og 55 óhöpp með engum meiðslum. Á sama tíu ára tímabili hafa orðið 1 banaslys, 3 alvarleg

slys, 13 slys með litlum meiðslum og 55 óhöpp án meiðsla. Sturla sagði, að öllum mætti vera ljóst, að jarðgöng milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur hefðu mikla þýðingu og upplýsingarnar vektu athygli á því við hvaða aðstæður íbúarnir byggju.

Anna Kristín sagði, að samgönguráðherra hefði á sínum tíma lagt fram ónýta tillögu um að gerð yrðu jarðgöng um hluta leiðarinnar milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur en mótmæli Bolvíkinga hefði orðið til þess, að ráðherra hoptaði með tillögu sína og setti í gang athugun á öðrum kostum.

Anna Kristín sagði, að mjög oft væri hættuástand á veginum milli Ísafjarðar og Súðavíkur og það kæmi ekki einu sinni alltaf í fréttunum, þótt snjóflóð féllu á veginn. Hvatti hún til þess, að gerð yrði metnaðarfull áætlun um hvernig samgöngumálum Bolvíkinga, Súðvíkinga og Ísfirðinga verði komið í eðlilegt horf.



Mikill hafís kom inn á Dýrafjörð

Hafís rak inn á firði á Vestfjörðum um helgina. Þyrla Landhelgisgæslunnar fór í ískönnunarflug á sunnudag og sá nokkur hundruð metra breidda ísspöng norðvestur af Barða. Dýrafjörður var nánast fullur af ís á sunnudag og var ekki talinn fær til siglinga nema fyrir allra vönustu skipstjórnarmenn. Er það mál manna að ekki hafi sést svo mikill ís í Dýrafirði í manna minnum. Þá var einnig nokkuð af ís úti fyrir Ísafjarðardjúpi, Öfundarfirði sem og inni á Sógandafirði. Á meðfylgjandi mynd Matthildar Helgadóttur má sjá ungt fólk að leik innan um ísjakana í fjöru í Dýrafirði.

Ekið á unglíng

Bílhurð var opnuð á unglíng sem var á göngu við Skutulsfjarðarbraut á Ísafirði klukkan 4:45 aðfaranótt laugardags. Bíllinn ók framúr drengnum sem er á sautjanda ári er bílhurð farþegamegin var opnuð á hann. Marðist hann töluvert og var færður til lækni- og sáttunarskóðunar, hann er óbrotinn.

Lögregla fann ökutækið og bílstjórnann sem neitar að gefa upp hvaða farþegi opnaði hurðina. Að sögn lögreglu eru töluverðar skemmdir á bílhurðinni. Málið er í rannsókn og verður bílstjórinn sem er 22 ára færður til yfirheyrslu.

Skrifað undir verksamning um Djúpveg

Vegagerðin og verktakafyrirtækin KNH ehf. og Vestfirskir verktakar skrifuðu í síðustu viku undir verksamning um vegagerð á Djúpvegi í framhaldi af útboði sem fram fór í lok síðasta árs. Verksamningurinn tekur til 14,5 km kafla Djúpvegjar milli Reykjaness og Hörtnár utarlega við vestanverðan Mjóafjörð. Verkinu á að ljúka fyrir 1. nóvember á næsta ári. Fulltrúar verktaka og Vegagerðarinnar undirrituðu verksamninginn og var Sturla Böðvarsson samgönguráðherra viðstaddur. Samningurinn er með þeim stærri sem Vegagerðin hefur undirritað á síðustu misserum og er samningsupphæðin liðlega einn milljarður króna.

Auk vegagerðar er innifalið í verkinu að smíða þrjár brýr, þá stærstu á Mjóafirði sem

yrði 130 metra löng stálboga-brú en hinar eru 60 metra brú á Reykjarfirði og 10 m brú við Vatnsfjarðarós. Brúin á Mjóafirði liggur milli lands og Hruteyjar að austanverðu en að vestanverðu er gert ráð fyrir vegfyllingu.

Nú verktakafyrirtæki buðu í verkið. Tilboð frá fjórum voru hærra en kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar sem var liðlega 1,2 milljarðar króna. Fimm buðu lægra en kostnaðaráætlun, KNH ehf. og Vestfirskir verktakar lægst, 1.017 milljónir króna. Næst lægsta tilboðið átti Ístak, 1.050 milljónir króna. Hæstu tilboðin voru á bilinu frá 1.280 milljónir króna og upp í 1.710 milljónir.

Þegar framkvæmdum lýkur seint á næsta ári ásamt lagningu bundins slitlags á kafla í

vestanverðum Ísafirði verður Djúpvegur lagður bundnu slitlagi allt milli Hólmavíkur og Bolungarvíkur. Leiðin er álfka löng og núverandi leið yfir Eyrarfjall. Sú leið hefur yfirleitt verið lokað vegna snjóþyngsla og þungatakmarkana kringum fjóra mánuði á ári. Þá hafa vegfarendur þurft að taka á sig 35 km krók út fyrir Vatnsfjarðarnes eftir mjóum og seinförnum vegi. Reykjanesleiðin liggur hins vegar meira og minna með ströndum fram og er því snjóléttari og er það ástæða þess að sú leið er valin. Á Vatnsfjarðarhálsi, milli Mjóafjarðar og Vatnsfjarðar, fer vegurinn mest í 90 m hæð yfir sjó. Vegalengdin milli Ísafjarðar og Reykjavíkur um Steingrímsfjarðarheiði verður 496 km.



Frá undirritun samningsins þar sem saman komu fulltrúar Vegagerðarinnar, KNH og Vestfirskra verktaka ásamt samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssyni.

Þá má benda á að þegar lokið verður fyrirhuguðum framkvæmdum við veg um Tröllatunguheiði og Arnkötuldal, milli Reykhólasveitar og Steingrímsfjarðar, árið

2008 verður þessi leið allt milli Reykjavíkur og Ísafjarðar lögð bundnu slitlagi. Er það í samræmi við gildandi samgönguáætlun en ráðgert er að bjóða út á næstunni veginn

um Tröllatunguheiði. Sé þessi leið farin milli Ísafjarðar og Reykjavíkur verður vegalengdin 454 km eða 42 km styttri en leiðin um Strandir og Holtavörðuheiði.